

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur miðvikudaginn 11. maí 2022

Mál nr. E-31/2019:

**A**

(*Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður*)

**gegn**

**Stapa lífeyrissjóði**

(*Arnar Þór Stefánsson lögmaður*)

## Dómur

Mál þetta er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af A, [...], á hendur Stapa lífeyrissjóði, Strandgötu 3, Akureyri, með stefnu birtri 18. desember 2018.

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði að stefnda hafi frá og með 1. janúar 2015 verið óheimilt að skerða örorkulífeyrisgreiðslur til stefnanda með því að telja stefnanda til tekna barnalífeyri sem stefnandi fær greiddan frá Tryggingastofnun ríkisins.

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði að hann eigi kröfu um að stefnda sé skylt að greiða stefnanda vangoldnar örorkulífeyrisgreiðslur frá og með 1. janúar 2015, sem séu til komnar vegna þess að stefndi taldi stefnanda til tekna þann barnalífeyri sem stefnandi fær greiddan frá Tryggingastofnun ríkisins, ásamt dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá og með gjalddögum hvernar vangoldinnar greiðslu.

Stefnandi krefst viðurkenningar á fyrningarslitum á framangreindri kröfu sinni um að stefndi greiði stefnanda vangoldnar lífeyrisgreiðslur frá og með 1. janúar 2015 ásamt dráttarvöxtum frá hverjum og einum gjalddaga vangoldinnar greiðslu.

Þá krefst stefnandi þess að stefndi greiði honum málskostnað eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Mál þetta var upphaflega dæmt með dómi réttarins [...]. Sá dómur var ómerktur og málinu vísað heim í hérað að nýju með dómi Landsréttar [...] í máli nr. [...]. Núverandi dómari tók við meðferð málsins 8. október 2021 og hafði ekki afskipti af því fyrir þann tíma. Mál þetta var dómtekið 1. apríl sl.

## I

### Málsatvik

Stefndi er lífeyrissjóður sem starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og varð til við sameiningu Lífeyrissjóðs Austurlands og Lífeyrissjóðs Norðurlands á árinu 2007. Stefnandi er öryrki

og hefur frá árinu 2000 fengið greiddan örorkulífeyri, fyrst frá Lífeyrissjóði Norðurlands og síðar frá stefnda eftir áðurnefnda sameiningu.

Á aðalfundi stefnda á árinu 2006 munu hafa verið gerðar breytingar á kafla í samþykktum hans sem vörðuðu örorkulífeyri á þann veg að nú var kveðið á um að við mat á tekjumissi örorkulífeyrisþega vegna orkutaps skyldi litið til lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum. Verður að líta svo á af málatilbúnaði aðila að ekki sé um það deilt í málinu að ákvæði þessa efnis hafi verið tekið óbreytt upp í grein 19.3 í samþykktum stefnda sem samþykktar voru á ársfundi hans 16. maí 2013 en eldri samþykktirnar liggja ekki fyrir í málinu. Er þetta orðað svo í grein 19.3 í samþykktunum frá 16. maí 2013: „Tekjumissir telst mismunur viðmiðunartekna annars vegar og heildartekna eftir að örorka hefur verið metin þar með taldar tekjur af lífeyris- og bótagreiðslum frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundnum tryggingabótum vegna örorkunnar. Viðmiðunartekjur samkvæmt þessari grein eru heildartekjur sjóðfélaga framreiknaðar með vísitölu neysluverðs.“

Fram er komið í málinu að stefndi hafi í kjölfarið breytt forsendum tekjuútreikninga við mat á tekjumissi og að hann hann frá árinu 2008 litið til tiltekinna greiðslna frá almannatryggingum við mat á tekjum sjóðfélaga.

Greiðslustofa lífeyrissjóða tilkynnti stefnanda með bréfi 19. ágúst 2015 um breytingu á greiðslu örorkulífeyris. Í bréfinu sagði að í samþykktum lífeyrissjóða kæmu fram þær reglur sem giltu um örorkulífeyri og þau skilyrði sem uppfylla þyrfti til að eiga rétt á örorkulífeyrisgreiðslum. Samkvæmt þeim stofnaðist því aðeins réttur til örorkulífeyris að sjóðfélagi hefði orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Við mat á því væru sjóðfélaganum ákvarðaðar svonefndar „viðmiðunartekjur“ sem tækju mið af meðaltekjum hans árin fyrir orkutapið og þær framreiknaðar til hvers árs samkvæmt neysluverðsvísitölu. Kom jafnframt fram að þessi meginregla byggðist einnig á 15. gr. laga nr. 129/1997. Þá sagði að Greiðslustofa lífeyrisréttinda hefði „borið saman uppreiknaðar meðaltekjur þínar (viðmiðunartekjur) árin fyrir orkutap við tekjur þínar samkvæmt staðgreiðslu tímabilið 2014-08 til 2015-07“. Þá kom nánar fram að uppreiknaðar tekjur stefnanda hefðu á framangreindu tímabili að meðaltali verið 334.058 krónur á mánuði en uppreiknaðar meðaltekjur síðustu sex ára fyrir orkutap væru 306.587 krónur á mánuði. Tekjur sem hefðu áhrif á lífeyrisgreiðslur til stefnanda væru 193.448 krónur. Samkvæmt samanburði á tekjum stefnanda fyrir og eftir orkutap myndu greiðslur til hans úr stefnda vegna örorkulífeyris breytast úr 132.805 krónur fyrir júlímánuð 2015 í 106.860 krónur. Breytingin kæmi til framkvæmda við greiðslu lífeyris fyrir september. Þá sagði að breyting á lífeyrisgreiðslum gæti hugsanlega haft áhrif á greiðslur stefnanda frá Tryggingastofnun ríkisins og var stefnanda bent á að senda stofnuninni nýja tekjuáætlun. Í niðurlagi bréfsins sagði að tekjur sem ekki ættu að teljast með við tekjusamanburð væru félagsleg aðstoð, húsaleigubætur og lífeyrisgreiðslur úr

séreignarsjóðum. Var stefnanda að lokum bent á að teldi hann tekjur, sem athugunin væri miðuð við, ekki gefa rétta mynd af tekjum hans fyrir orkutap, t.d. vegna atvinnuleysis, veikinda, barnsfæðingar, náms eða búsetu erlendis, eða ef hann þarfnadist frekari upplýsinga gæti hann haft samband við stefnda. Stefnandi fékk bréf sambærilegs efnis frá Greiðslustofu lífeyrissjóða 18. nóvember 2015.

Stefndi er, ásamt átta öðrum lífeyrissjóðum, aðili að Greiðslustofu lífeyrissjóða samkvæmt fyrirbyggjandi samstarfssamningi frá 19. maí 2015. Samkvæmt 2. gr. samningsins er meginhlutverk Greiðslustofu lífeyrissjóða að veita viðkomandi lífeyrissjóðum þjónustu sem felst m.a. í að annast greiðslu lífeyris til lífeyrisþega, úrskurða um lífeyri fyrir þá lífeyrissjóði sem þess óska og annast ársfjórðungslega tekjuathugun örorkulífeyrisþega. Verkefnum Greiðslustofu er nánar lýst í viðauka 1 með samningnum. Í 1. mgr. 1 gr. viðaukans, sem fjallar nánar um það verkefni Greiðslustofu að annast greiðslu lífeyris til lífeyrisþega, kemur fram að mánaðarleg keyrsla í kerfinu „Jóakim“ sé kjarninn í starfsemi stofunnar. Þá sé sett af stað viðamikil vinnsla sem reikni út lífeyri. Þá segir í 2. mgr. að sjóðirnir sjái flestir um að setja inn forsendur um lífeyrisgreiðslur en Greiðslustofa sjái þó um það verk fyrir þá sjóði sem þess óski. Í 4. gr. segir að Greiðslustofa sjái um gerð og viðhald lífeyrisúrskurða fyrir þá sjóði sem um það semji sérstaklega og að úrskurðir séu gerðir í kerfinu „Jóakim“. Þá kemur fram í 5. gr. viðaukans að fjórum sinnum á ári (febrúar, maí, ágúst og nóvember) geri Greiðslustofa athugun á tekjum örorkulífeyrisþega. Byggt sé á upplýsingum úr skrá ríkisskattstjóra yfir staðgreiðslu undanfarinna 12 mánaða, af launum og greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins. Tölurnar séu bornar saman við viðmiðanir úr „Jóakim“ samkvæmt lífeyrisúrskurði sem hafi verið uppfærðar miðað við neyslúvísitölu eða launavísitölu eftir því sem við eigi. Eftir atvikum geti athugunin leitt til þess að lífeyrir hækki, lækki eða falli niður. Breytingar taki gildi í næstu mánaðarkeyrslu. Ekki sé leiðrétt aftur í tímann.

Samkvæmt fundargerð af ársfundi Greiðslustofu lífeyrissjóða 19. mars 2015 var „ákveðið að barnalífeyrir almannatrygginga yrði framvegis tekinn með í tekjuathugun. Teknar verða með barnalífeyrisgreiðslur frá og með 1. janúar 2015.“ Samkvæmt fundargerð af fundi stefnda 14. mars 2016 staðfesti stjórn hans ákvörðun Greiðslustofu lífeyrissjóða. Sagði þar í umfjöllun undir liðnum *Barnalífeyrir-tekjuskodun TR* að framkvæmdastjóri legði fram tölvupóst þar sem fram kæmi að á ársfundi Greiðslustofu lífeyrissjóðanna 19. mars 2015 hefði verið samþykkt að taka barnalífeyri almannatrygginga með í tekjuathugun hjá Greiðslustofu frá og með 1. janúar 2015. Stjórnin staðfesti svo ákvörðun Greiðslustofu.

Með bréfi Öryrkjabandalags Íslands til Greiðslustofu lífeyrissjóða 27. október 2015 var m.a. óskað upplýsinga um það á hvaða lagalegu forsendum sú breyting byggðist að telja barnalífeyri almannatrygginga til tekna við tekjusamanburð örorkulífeyrisþega.

Þá var spurt hvaða tekjur eða greiðslur teldust með við þennan samanburð og hverjar ekki. Í svarbréfi Greiðslustofu degi síðar kom fram að við tekjusamanburð væri tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem viðkomandi nyti vegna örorkunnar. Aðrar greiðslur teldust ekki með, svo sem greiðslur úr séreignarsjóðum, félagsleg aðstoð, húsaleigubætur, greiðslur vegna einkasjúkdómatryggingar sjóðfélaga, kostnaðartengdar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og fjármagnstekjur. Um lagagrundvöll var vísað til 15. gr. laga nr. 129/1997.

Í tölvupósti Greiðslustofu 4. nóvember 2015 í tilefni af nánari fyrirspurn Öryrkjabandalagsins 30. október 2015 kom fram að barnalífeyrir almannatrygginga kæmi frá 1. janúar 2015 inn í tekjuskóðun og að breytingin ætti við um alla sjóðina. Breytingin hefði komið til með breyttri framkvæmd.

Örorkulífeyrissjóðsgreiðslur stefnanda voru skertar í tuttugu skipti á tímabilinu frá 1. september 2015 til 1. nóvember 2017 vegna barnalífeyris sem hann fékk greiddan frá Tryggingastofnun ríkisins á grundvelli laga nr. 100/2007 um almannatryggingar og nam skerðingin samtals 537.614 krónum.

Stefnandi telur að stefnda hafi verið óheimilt að skerða örorkulífeyri hans frá stefnda vegna barnalífeyrisgreiðslna sem hann nýtur frá almannatryggingum og hefur því höfðað mál þetta til viðurkenningar á því og rétti til framangreindra greiðslna úr hendi stefnda.

## II

### Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi reisir kröfu sína á því að skerðing stefnda á örorkulífeyrisgreiðslum til stefnanda með því að líta á barnalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins sem tekjur hafi verið ólögmat frá upphafi. Skerðingin feli í sér brot gegn stjórnarskrárvörðum rétti hans, lögum nr. 129/1997, samþykktum og starfsreglum stefnda. Þá hafi hin breytta framkvæmd stefnda auk þess verið byggð á ómálefnalegum og ólögmatum sjónarmiðum og við skerðinguna hafi stefndi ekki gætt meðalhófs eða jafnræðis. Þá hafi ákvörðunin ekki verið tekin af þar til bærum aðila.

Stefnandi byggir því viðurkenningarkröfu sína á því að hvorki form- né efnisleg skilyrði hafi verið uppfyllt fyrir skerðingu lífeyrisréttinda hans. Réttindum launamanns í lífeyrissjóði sé ætlað bæta honum það þegar laun frá vinnuveitanda lækka eða falla alveg niður vegna skertrar vinnugetu. Hugtakið örorka þýði skert færni og geta til vinnu vegna sjúkdóms, fötlunar eða slysa, sbr. til dæmis 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í samræmi við þetta sé örorkulífeyrisgreiðslum ætlað að bæta stefnanda launamissi vegna skertrar vinnugetu. Að sama skapi sé örorkulífeyri og tekjutryggingu samkvæmt lögum nr. 100/2007 ætlað að koma til móts við skerta starfsorku, sbr. 18. gr. laganna. Stefndi greiði

örorkulífeyri til sjóðfélaga sinna til að bæta þeim það launatap sem örorka (orkutap) hafi í för með sér. Þetta gildi um þá sem verði fyrir 50% örorku eða meira, sbr. kafla 19 í samþykktum stefnda.

Stefnandi vísar til þess að allar reglur um örorkulífeyri byggist að meira eða minna leyti á samanburði vinnugetu og launa, fyrir og eftir örorku. Réttur til örorkulífeyris stofnist því aðeins að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins, sbr. grein 19.3 í samþykktum stefnda. Örorkumatið, sem sé grundvöllur örorkulífeyris, miðist við missi á getu sjóðfélaga til að gegna starfi. Við mat á því hvort tekjuskerðing hafi orðið skuli lagt til grundvallar meðaltal tekna sjóðfélaga síðustu fjögur almanaksár fyrir orkutap. Reglur um örorkulífeyri miðist þannig við það að bæta launamissi sem örorka (orkutap) hafi í för með sér fyrir sjóðfélaga.

Stefnandi byggir á því að við mat á tekjum hans hafi verið ómálefnalegt af stefnda að líta til barnalífeyrisgreiðslna stefnanda frá Tryggingastofnun ríkisins sem hann fékk á grundvelli laga nr. 100/2007. Barnalífeyrir sé af allt öðrum toga en örorkulífeyrir, sem sé ætlað að bæta sjóðfélaga tekjutap vegna orkuleysis (örorku). Barnalífeyrir sé ekki ígildi launa eða bætur fyrir missi launa eins og örorkulífeyrir. Af ákvæðum 1. gr., 16. gr. og 20. gr. laga nr. 100/2007 verði ráðið að barnalífeyrir sé sérstök tegund greiðslna sem eigi að aðstoða við framfærslu barna. Barnalífeyri sé þannig ætlað að koma til móts við sérstök útgjöld vegna barna og með honum sé verið aðstoða lífeyrisþega vegna þess viðbótarkostnaðar sem falli til af framfærslu barna vegna sérstakra aðstæðna lífeyrisþegans. Greiðslunum sé aftur á móti ekki ætlað að bæta tekjutap sem hafi hlotist vegna örorku. Barnalífeyrir samkvæmt lögum nr. 100/2007 teljist ekki til tekna sem skerði aðrar bætur frá almannatryggingum, (t.d. ellilífeyri og tekjutryggingu o.fl.) sbr. 3. og 4. mgr. 16. gr. laga nr. 100/2007. Þá skerðist barnalífeyrir ekki vegna annarra tekna samkvæmt 20. gr. sömu laga.

Um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða gildi lög nr. 129/1997. Þar sé kveðið á um skylduaðild launamanna, og þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, að lífeyrissjóðum og kveðið á um lágmarksrétt þeirra til elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris. Þá sé kveðið á um lágmarksiðgjald sem lífeyrissjóðum sé skylt að innheimta og skyldu lífeyrissjóða til að halda jafnvægi milli eigna sinna og skuldbindinga og haga samþykktum sínum í samræmi við það. Stefnandi byggir á því að við túlkun á ákvæðum laganna þurfi meðal annars að hafa það hugfast að lögin séu þáttur í útfærslu löggjafans á þeirri réttindavernd sem skylt sé að tryggja í lögum eftir 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar og að áunnin réttindi sjóðfélaga samkvæmt lögunum njóti einnig verndar eignarréttarákvæðis 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Stefnandi vísar til þess að í dómaframkvæmd hafi verið lagt til grundvallar að lífeyrissjóðir hafi ákveðið svigrúm innan marka stjórnarskrárinnar og laga nr. 129/1997 til að setja nánari reglur, m.a. um örorkulífeyrisréttindi sjóðfélaga, að því tilskildu að þær

séu málefnalegar og að gætt sé jafnræðis og meðalhófs. Í þessu sambandi hafi dómstólar meðal annars talið málefnalegt að lífeyrissjóðir takmarki greiðslur til sjóðfélaga þannig að tekjur þeirra, sem beinlínis séu til komnar vegna örorku, verði ekki hærrí en framreiknaðar atvinnutekjur fyrir orkutap. Við mat á því hvort lífeyrissjóðir hafi gætt meðalhófs við breytingar á reglum sínum hafi dómstólar meðal annars litið til þess hversu íþyngjandi þær voru og hvort sjóðfélögum var veittur aðlögunarfrestur áður en breytingin tók gildi. Dómstólar hafi jafnframt lagt á það áherslu að svigrúm til breytinga á lífeyrisréttindum sé þrengra þegar um sé að ræða virk lífeyrisréttindi.

Stefnandi vísar jafnframt til þess að auk framangreindra efnisreglna hafi verið lagt til grundvallar að á lífeyrissjóðum hvíli ríkar skyldur til að vanda meðferð mála um mikilsverða hagsmuni sjóðfélaga sinna. Í því sambandi hafi dómstólar talið að lífeyrissjóðum beri að gæta þess að sjóðfélagar fái rétta úrlausn mála sinna og að þeir eigi þess kost að koma að gögnum og upplýsingum. Þá hafi dómstólar jafnframt talið að gera verði ríkar kröfur til þess að lífeyrissjóðir eigi frumkvæði að því að veita sjóðfélögum sínum ráðgjöf og tryggja að þeir hafi lágmarksupplýsingar til að geta tekið ákvörðun um þá valkosti sem þeim standi til boða. Enn fremur hafi verið talið að ákvarðanir um réttindi sjóðfélaga beri að taka með formlegum hætti af þar til bærum aðila innan viðkomandi lífeyrissjóðs.

Stefnandi vísar einnig til þess að við útfærslu örorkulífeyrisréttinda sjóðfélaga samkvæmt lögum nr. 129/1997 þurfi að hafa í huga að markmið laganna sé meðal annars að tryggja þeim sem þess þurfi aðstoð vegna örorku og elli og tryggja þannig réttindi sem kveðið sé á um í 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar. Við mat á þörf fyrir aðstoð vegna örorku í skilningi stjórnarskrárákvæðisins og laga nr. 129/1997 geti verið málefnalegt að líta til annarra greiðslna sem viðkomandi einstaklingur hafi notið. Það eigi þó einungis við sé þeim greiðslum ætlað að mæta sömu þörf einstaklingsins fyrir aðstoð vegna örorku. Megi því í einhverjum tilvikum líta svo á að draga megi greiðslur sem eiga að koma í stað tekjumissis vegna örorku frá örorkulífeyrisgreiðslum í skilningi laga nr. 129/1997. Beri þá að túlka það þröngt þannig að einungis þær tekjur sem eigi að bæta launatap vegna skertrar vinnugetu séu tekjur sem málefnalegt sé að líta til og bera saman við framreiknaðar atvinnutekjur fyrir orkutap.

Stefnandi vísar til þess að lagaákvæði um barnalífeyri hafi verið í lögum á sviði almannatrygginga allt frá gildistöku laga nr. 50/1946. Samkvæmt núgildandi 20. gr. laga nr. 100/2007 greiðist barnalífeyrir að uppfylltum nánari skilyrðum með börnum yngri en 18 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar skuli greiddur tvöfaldur barnalífeyrir. Barnalífeyrir greiðist foreldrum barns ef það er á framfæri þeirra eða öðrum sem annast framfærslu þess að fullu. Að mati stefnanda sé ljóst af forsögu og orðalagi núgildandi ákvæðis 20. gr. laga nr. 100/2007 að barnalífeyrir sé ætlaður til framfærslu barna þegar foreldrar þeirra geta

ekki séð nægilega fyrir þeim. Þannig sé tekið fram í ákvæðinu að barnalífeyrir sé greiddur „með“ barni og kveðið á um að hann skuli greiddur til þess aðila sem hafi barn á framfæri sínu. Í eldri lögum nr. 50/1946 hafi sérstaklega verið áréttað að barnalífeyri skyldi eingöngu nota til framfærslu eða menntunar barna sem ættu hlut að máli og tekið fram að Tryggingastofnun gæti neitað greiðslu barnalífeyris nema fulltryggt væri að hann yrði notaður í framangreindu skyni. Þótt þetta markmið barnalífeyris sé ekki lengur sérstaklega orðað í texta laganna megi ótvírætt ráða af forsögu núgildandi laga og orðalagi 20. gr. þeirra að barnalífeyrir sé eftir sem áður ætlaður til framfærslu þess barns sem hann sé greiddur „með“.

Að mati stefnanda leiði af framangreindu að barnalífeyrir, sem greiddur sé eftir lögum nr. 100/2007, sé ekki einungis þáttur í þeim rétti til aðstoðar vegna örorku sem öryrkjar njóti á grundvelli laganna eftir 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, heldur liður í þeirri réttindavernd barna sem kveðið sé á um í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar. Af því leiði að greiðslum á grundvelli 20. gr. laga nr. 100/2007 sé ekki ætlað að mæta sömu þörfum, þ.e. þörf fyrir aðstoð vegna örorku, og greiðslum á grundvelli 15. gr. laga nr. 129/1997. Í þessu sambandi þurfi jafnframt að hafa í huga að bæði í lögum nr. 100/2007 og 129/1997 sé gerður greinarmunur á örorkulífeyri annars vegar og barnalífeyri hins vegar. Þessi greinarmunur sé í báðum tilvikum reistur á því sjónarmiði að börn njóti sjálfstæðs réttar samkvæmt lögnum sem sé aðgreindur frá réttindum m.a. foreldra þeirra eða annarra forsjáraðila samkvæmt sömu lögum.

Löggjafinn hafi lagt til grundvallar að réttur til barnalífeyris annars vegar og örorkulífeyris hins vegar sé tvennt ólíkt og mælt sjálfstætt fyrir um þessi réttindi í lögum án þess að tengja þau saman á þann hátt sem stefndi hafi leitast við að gera í þessu máli með því að heimila að önnur réttindin verði skert vegna hinna. Hvorki lög nr. 129/1997 né lög nr. 100/2007 hafi að geyma neina vísbendingu um að heimilt sé að skerða örorkulífeyrisréttindi vegna barnalífeyrisréttinda eða öfugt. Af þeim sökum falli barnalífeyrir ekki undir þær greiðslur sem mögulega gæti verið málefnalegt að nota til að skerða örorkulífeyrisgreiðslur.

Til viðbótar framangreindu verði við mat á því hvort málefnalegt geti talist að skerða örorkulífeyrisgreiðslur sem greiddar eru á grundvelli 15. gr. laga nr. 129/1997, vegna greiðslna barnalífeyris, sem greiddur er samkvæmt 20. gr. laga nr. 100/2007, að hafa í huga að með síðarnefnda ákvæðinu sé verið að útfæra í lögum sjálfstæðan rétt barns til þeirrar verndar og umönnunar sem velferð þess krefjist, sbr. 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem hafi verið veitt lagagildi hér á landi með lögum nr. 19/2013. Þótt barnalífeyrir með barni sé greiddur til foreldris, annars forráðamanns eða þess sem hafi barnið á framfæri sínu sé greiðslunum ætlað að tryggja réttindi barnsins en ekki foreldrisins. Einstaklingur sem taki við barnalífeyri geri það í raun fyrir hönd barnsins og honum sé ætlað að ráðstafa

barnalífeyrinum í þágu þess. Með því að skerða tekjur þess sem tekur við barnalífeyrinum sé sú réttindavernd sem barnalífeyri sé ætlað að veita barni fyrir borð borin. Um leið séu tekjur einstaklingsins skertar vegna tekna sem séu í raun ætlaðar öðrum, þ.e. barninu. Barn sem er á framfæri forsjáraðila sem sæti tekjuskerðingu með þessum hætti fái í engu notið réttinda sinna eftir 20. gr. laga nr. 100/2007. Skerðing örorkulífeyrisgreiðslna samkvæmt 15. gr. laga nr. 129/1997 hafi þannig í för með sér skerðingu á réttindum barna sem njóti verndar stjórnarskrárinnar og 20. gr. laga nr. 100/2007. Skerðing stefnda uppfylli því ekki kröfur um lagastoð og skerðing sem hafi slíkar afleiðingar geti aldrei talist málefnaleg.

Þar sem stefndi hafi ekki veitt stefnanda neinn rökstuðning fyrir ákvörðun sinni um að skerða greiðslur til hans frá og með 1. janúar 2015 liggi ekki annað fyrir en að ákvörðunin hafi eingöngu byggst á því almenna markmiði að lækka greiðslubyrði og skuldbindingar stefnda. Þótt jafnvægi milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóðs sé meðal þeirra sjónarmiða sem málefnalegt sé að líta til við ákvarðanatöku lífeyrissjóðs á grundvelli laga nr. 129/1997 leiði það ekki til þess að ákvörðun sem rökstudd sé með vísan til þess teljist sjálfkrafa vera reist á málefnalegum sjónarmiðum. Eftir sem áður verði að meta í hverju tilviki fyrir sig hvort önnur sjónarmið leiði til þess að ekki teljist málefnalegt að byggja á því eða ljá því tiltekið vægi.

Stefnandi vísar til þess að stefndi hafi ekki bent á neinar málefnalegar ástæður fyrir breytingunum, hvorki hafi verið bent á þörf eða aðrar réttlætningarástæður fyrir svo íþyngjandi aðgerð. Engin tryggingafræðileg athugun á fjárhag sjóðsins eða önnur slík forsenda hafi legið að baki ákvörðun stefnda sem sé í andstöðu við 39. gr. laga nr. 129/1997 og grein 26.4 í samþykktum stefnda um það hvernig standa skuli að lækkunum lífeyrisgreiðslna. Stefndi hafi þannig dregið úr greiðslubyrði sinni og skuldbindingum með því að lækka greiðslur til örorkulífeyrisþega með vísan til greiðslna sem séu ósambærilegar. Þessi aðferð við að ná því almenna markmiði laga nr. 129/1997 að halda jafnvægi milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóðs, með skerðingu á barnalífeyri, eigi sér enga stoð í lögunum og sé heldur ekki í samræmi við þann greinarmun sem lögin gera á eðli barnalífeyris og örorkulífeyris. Skerðingin leiði jafnframt til þess eftir atvikum að börn sem eiga rétt samkvæmt 20. gr. laga nr. 100/2007 fái ekki notið hans. Þessi aðferð geti ekki talist málefnaleg leið til að ná fram almennu markmiði laga nr. 129/1997 um að gæta jafnvægis milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóðs.

Samkvæmt öllu framansögðu hafi ákvörðun stefnda engan veginn uppfyllt þær kröfur um réttmæti sem séu forsenda fyrir svigrúmi lífeyrissjóða til að útfæra nánar í samþykktum sínum réttindi sjóðfélaga innan marka stjórnarskrárinnar og laga nr. 129/1997. Breyting stefnda á réttindum stefnanda hafi því verið haldin verulegum annmarka og sé af þeim sökum ólögæt og beri því að víkja henni til hliðar.

Auk þess sem ákvörðun stefnda hafi þurft að eiga stoð í málefnalegum sjónarmiðum hafi stefnda sem lífeyrissjóði borið að gæta jafnræðis milli sjóðfélaga sinna og gæta þess að íþyngja þeim ekki meira en nauðsynlegt var í því skyni að ná því lögmæta markmiði sem að var stefnt. Ákvörðun stefnda hafi hvorugt þessara skilyrða uppfyllt. Barnalífeyrir samkvæmt 20. gr. laga nr. 100/2007 sé einungis greiddur með börnum sem eigi foreldri sem sé örorkulífeyrisþegi samkvæmt þeim lögum, foreldrið sé látið eða ef það sætir fangelsisvist. Eðli málsins samkvæmt sé þar um að ræða lítinn hóp sjóðfélaga stefnda. Með því að fara þá leið að skerða greiðslur til sjóðfélaga vegna barnalífeyris, sem einungis lítill hluti hans njóti, vegna sérstakrar stöðu sinnar í öðru lagalegu tilliti, til að ná því almenna markmiði að draga úr greiðslubyrði og skuldbindingum sjóða, hafi stefndi mismunað sjóðfélögum sínum með ómálefnalegum hætti. Engar almennar og hlutlægar ástæður geti réttlætt að sjóðfélagar sem fá greiddan örorkulífeyri frá stefnda og barnalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins séu einir látnir axla byrðina af slíkum sparnaðaraðgerðum. Sé nauðsynlegt að lækka greiðslubyrði eða skuldbindingar lífeyrissjóðs, með því að skerða réttindi sjóðfélaga, verði að gera það með þeim hætti að skerðingin gangi jafnt yfir alla sjóðfélaga, án tillits til stöðu þeirra að öðru leyti, þ.m.t. án tillits til fötlunar eða fjölskylduaðstæðna þeirra. Þar sem stefndi gætti ekki að þessu þegar hann ákvað að lækka greiðslur til örorkulífeyrisþega frá 1. janúar 2015 uppfyllti ákvörðun hans ekki kröfur um jafnræði.

Ákvörðun stefnda um skerðingu lífeyrisgreiðslna frá 1. janúar 2015 hafi haft áhrif á lítinn hóp sjóðfélaga stefnda á meðan greiðslur til mikils meirihluta sjóðfélaga hafi áfram verið óskertar. Stefndi hafi því gengið mun lengra í því að skerða réttindi þessa hóps sjóðfélaga en nauðsynlegt hafi verið með tilliti til almenns markmiðs laganna. Þessu almenna markmiði, að því leyti sem því var náð með þessum aðgerðum stefnda, hafi verið unnt að ná með margvíslegu öðru móti án þess að ganga jafnlangt í því að skerða réttindi þessa tiltekna hóps með svo íþyngjandi hætti sem raunin hafi verið. Þá hafi stefnanda ekki verið veittur neinn aðlögunarfrestur áður en skerðingunni var hrint í framkvæmd. Við mat á því hvort meðalhófs hafi verið gætt þurfi einnig að líta til þess að lífeyrisréttindi stefnanda voru virk og höfðu verið það í langan tíma. Ákvörðun stefnda um að hefja slíka skerðingu hafi því ekki uppfyllt þær kröfur um meðalhóf sem leiddar verði af dómaframkvæmd Hæstaréttar og Mannréttindadómstóls Evrópu á þessu sviði.

Stefnandi byggir viðurkenningarkröfu sína enn fremur á því að áunnin réttindi til greiðslna frá stefnda teljist vera eign sem njóti verndar eignarréttarákvæðis 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þegar stefndi hafi á sínum tíma ákvarðað stefnanda réttindin hafi stofnast virk eignarréttindi sem upp frá því hafi notið verndar 72. gr. stjórnarskrár, sbr. 1. gr. 1. viðauka við Mannréttinasáttmála Evrópu. Eftir að slík réttindi hafi stofnast sé þeim sem hafi veitt eða ákvarðað nánar réttindin í upphafi ekki frjálst að ráðstafa þeim að vild. Þeim forsendum sem hafi verið fyrir hendi þegar rétturinn stofnaðist verði ekki

breytt nema með lögum og á grundvelli málefnalegra ástæðna. Eftir stofnun réttindanna hafi hvorki stefndi né löggjafinn fullt forræði á því hvernig þeim verði hagað til framtíðar. Stefndi hafi engu að síður skert eignarréttindi stefnanda með afturvirkum, íþyngjandi og ólögmætum hætti og án lagaheimildar. Breytingin hafi gengið gegn réttaröryggi hans, verið byggð á ómálefnalegum forsendum og meðalhófs ekki verið gætt. Þá hafi réttindi stefnanda verið skert án þess að breyting væri gerð á samþykktum stefnda eða öðrum almennum fyrirmælum. Þannig verði ekki séð að aðalfundur hafi samþykkt breytinguna og þaðan af síður hafi breytingin hlotið staðfestingu ráðherra, eins og skylt sé samkvæmt 28. gr. laga nr. 129/1997.

Meginregla 72. gr. stjórnarskrárinnar sé að eignarrétturinn verði ekki skertur. Þó séu gerðar undantekningar frá reglunni en þær beri að skýra þröngt. Allan vafa um það hvort skerðing mannréttinda hafi farið fram með réttum hætti eigi að túlka borgurum í vil. Að mati stefnanda hafi skilyrði lögmætrar eignarréttarskerðingar ekki verið uppfyllt þegar réttindi hans voru skert. Í fyrsta lagi hafi skerðingin ekki verið gerð með lögum. Í öðru lagi hafi lög ein og sér ekki verið nægjanleg því auk þess hefði þurft málefnalegar ástæður fyrir skerðingunni. Rétturinn verði ekki skertur einfaldlega vegna þess að stefndi vilji það, telji rétt að spara, telji að stefnandi hafi fengið „of mikið“ greitt. Málefnalegar ástæður þurfi að liggja að baki skerðingu en stefndi hafi ekki rökstutt skerðinguna með neinum hætti. Stefndi beri sönnunarbyrðina fyrir því að lögmætir og málefnalegir hagsmunir hafi verið fyrir hendi.

Stefnandi vísar einnig til þess að breyting stefnda á tekjuútreikningum hafi verið afturvirk og haft íþyngjandi áhrif. Þegar breytingin hafi verið gerð hafði stefnandi í fjölda ára fengið greiddar örorkulífeyrisgreiðslur frá stefnda miðað við tiltekna forsendur. Breytingin sé þannig afturvirk skerðing á virkum eignarréttindum. Stefndi hafi haft réttmætar væntingar til þess réttindin yrðu ekki skert og í góðri trú hagað lífi sínu og aðstæðum til samræmis við það að örorkulífeyrir hans myndi ekki sæta skerðingu vegna barnalífeyris. Hafa verði í huga að breytingin hafi ekki verið til komin vegna þess að tekjur stefnanda jukust eða hagur hans vænkaðist að neinu leyti. Stefndi hafi einfaldlega ákveðið að taka meira inn í tekjuútreikninga sína og þannig rýmka eigin reglur um það hvernig bætur til stefnanda yrðu skertar. Stefndi hafi engan möguleika á að bæta sér skerðinguna upp enda óvinnufær með öllu, eins og áður segir.

Stefnandi áréttar að gæta verði meðalhófs þegar réttindi séu skert, þ.e. að því gefnu að skerðingin verði á annað borð talin lögmæt. Í meðalhófsreglunni felist að ekki megi ganga lengra í umfangi skerðingar en nauðsynlegt sé til að ná því markmiði sem stefnt sé að. Verði þannig að líta til umfangs skerðingarinnar fyrir þann sem verði fyrir henni og meta hvort það sé í eðlilegu samhengi við markmiðið. Af þessu leiði svo einnig að veigameiri réttlætingu þurfi eftir því sem skerðingin sé meiri. Ekki standist að skerða réttindi óhóflega, og sérstaklega ekki þegar skerðing bitni verulega þungt á tilteknum

einstaklingum umfram aðra. Ekki hafi verið gætt meðalhófs þar sem stefndi taki nú allar bætur í formi barnalífeyris inn í tekjuútreikning og skerði þannig tekjurnar um fjárhæð barnalífeyrisins í heild sinni. Raunar sé ekki hægt að vega og meta markmiðið á móti skerðingunni þar sem enginn rökstuðningur eða réttlætning sé fyrir skerðingunni.

Stefndi hafi ákveðið að skerða réttindi stefnanda og stefndi vissi hvaða afleiðingar hin breytta framkvæmd myndi hafa. Stefnda beri að sýna fram á að skerðing á þessum réttindum stefnanda hafi verið nauðsynleg og réttlætning með hliðsjón af málefnalegum sjónarmiðum og hagsmunum. Stefndi verði að sýna fram á að hann hafi lagt mat á það hvort jafnvægi væri á milli almannahagsmunanna sem stefndi stuðlaði að, þ.e. hafi yfirhöfuð verið um þá að ræða, og þeirra skerðinga sem gerðar voru á grundvallarréttindum stefnanda. Stefndi beri jafnframt sönnunarbyrðina fyrir því að aðgerðirnar hafi stuðlað að lögmætum markmiðum. Þá beri stefndi sönnunarbyrðina fyrir því að markmiðum hafi verið náð og að ekki hafi mátt ná þeim með öðrum og vægari hætti, t.d. með því að draga úr öðrum útgjöldum eða að stuðla að frekari tekjuöflun.

Stefnandi bendi á að rétturinn til aðstoðar vegna örorku sé liður í stjórnarskrárvörðum rétti einstaklinga skv. 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og sé meðal þeirra grundvallarréttinda sem þar séu sérstaklega nefnd beinum orðum. Samkvæmt ákvæðinu skuli með lögum tryggja öllum sem þess þurfa slíkan rétt. Margoft hafi verið vísað til þess að íslenska ríkið fullnægi skyldum sínum samkvæmt 76. gr. stjórnarskrárinnar meðal annars með lögbundnu lífeyrissjóðakerfi. Skerðing á réttindum úr lífeyrissjóðum sé þannig skerðing á aðstoð samkvæmt 76. gr. stjórnarskrárinnar en sú breyting sem mál þetta fjalli um hafi óumdeilanlega skert greiðslur stefnda til stefnanda. Það sé liður í 76. gr. stjórnarskrárinnar að aðstoðin sé ekki háð geðþóttamati hverju sinni, hvorki geðþótta löggjafans né lífeyrissjóða. Tryggi ákvæðið þannig að þegnarnir njóti og muni njóta ákveðinna réttinda, sem séu óháð duttlungum og/eða áherslum líðandi stundar. Stefndi hafi þannig ekki frjálst mat um það hvernig og hversu mikil aðstoð sé veitt úr sjóðunum og hann geti ekki breytt reglum sem um það gildi með íþyngjandi hætti, nema að uppfylltum ströngum skilyrðum. Stefnda sé m.a. óheimilt að ákveða, með beinum eða óbeinum hætti, að breyta réttinum til örorkulífeyris á ósanngjarnan, íþyngjandi og afturvirkkan hátt. Þá verði að horfa til afleiðinga breytinganna.

Stefndi hafi með aðgerðum sínum í raun afnumið rétt stefnanda til barnalífeyris en það sé réttur sem stefnandi hafi átt, fyrir hönd barna sinna, samkvæmt lögum nr. 100/2007. Eftir breytinguna komi barnalífeyrir að engu leyti stefnanda til góða. Greiðslur Tryggingastofnunar urðu hins vegar til þess að stefndi gat minnkað útgjöld sín til stefnanda sem þeim nam. Með þessu hafi stefndi í raun ákveðið að afnema rétt stefnanda til barnalífeyris og ákveðið um leið að greiðslurnar skyldu renna til stefnda í staðinn. Með því að skerða örorkulífeyrisgreiðslur stefnanda og afnema um leið barnalífeyri til

hans hafi breytingin gengið gegn framangreindu stjórnarskrárákvæði. Ákvæði 76. gr. stjórnarskrárinnar skuli skýra til samræmis við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Þar megi t.d. nefna félagsmálasáttmála Evrópu, samning Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og, síðast en ekki síst, samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Stefndi sé, eins og áður segir, skuldbundinn samkvæmt lögum til að greiða örorkulífeyri. Réttindi stefnanda til örorkulífeyris hjá stefnda hafi stofnast um áramótin 1998 og 1999 og höfðu þannig verið virk í 16 ár þegar stefndi breytti framkvæmd sinni. Stefndi hafi skert greiðslur til stefnanda með því að telja barnalífeyri til tekna við útreikning tekjumissis. Af því hafi leitt að útreiknaður tekjumissir stefnanda hafi lækkað og örorkulífeyrisgreiðslur stefnda sem því nam. Eftir að stefndi hafi tekið upp hina breyttu framkvæmd hafi greiðslur stefnda til stefnanda lækkað. Eftir breytinguna hafi heildartekjur stefnanda verið lægri en fyrir breytinguna. Eftir breytinguna hafi greiðslur frá almannatryggingum aftur á móti verið þær sömu. Greiðslur frá almannatryggingum vegna barna stefnanda hafi þannig verið þær sömu og áður en í stað þess að þær rynnu til stefnanda hafi þær í raun komið stefnda til góða og lækkað útgjöld sjóðsins. Með breytingunum hafi þannig orðið tilfærsla á raunverulegum viðtakanda bótanna frá almannatryggingum. Í stað þess að stefnandi nyti góðs af greiðslum frá almannatryggingum naut stefndi góðs af þeim, eftir breytinguna. Stefndi hafi í raun ákveðið einhliða og fyrirvaralaust að taka greiðslur úr almannatryggingum frá stefnanda og ráðstafa þeim til sín. Með breytingunni hafi stefndi ákveðið einhliða að taka til sín bætur frá ríkinu, þ.e. greiðslur frá almannatryggingum. Það sé algerlega fordæmalaust að lögaðili geti með þessum hætti ákveðið upp á sitt eindæmi að taka til sín mánaðarlegar greiðslur frá ríkinu sem hafi verið ætlaðar öðrum. Eftir breytinguna hafi stefndi verið orðinn þiggjandi barnalífeyris úr almannatryggingakerfinu í stað stefnanda. Nærtækt dæmi væri ef vinnuveitandi tæki einhliða ákvörðun um að skerða laun starfsmanna sem fá meðlag, uppbætur vegna lyfjakostnaðar eða annað slíkt. Slík sjálftaka á opinberu fé sé augljóslega óheimil.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 100/2007 skuli skerða örorkulífeyri og tekjutryggingu samkvæmt lögnum með hliðsjón af greiðslum frá lífeyrissjóðum. Það sé því í beinni andstöðu við löggin ef lífeyrissjóðir ákveða einhliða, án lagaheimildar, að gera hið gagnstæða, þ.e. að skerða sínar greiðslur með hliðsjón af greiðslum frá almannatryggingum.

Í samþykktum stefnda sé við það miðað að réttindi sjóðfélaga, m.a. til örorkulífeyris, skuli ákveðin með úrskurði í samræmi við nánari reglur samþykktanna. Þannig sé m.a. tekið fram í grein 19.3 í samþykktum stefnda að í „úrskurði um lífeyri [skuli] greina hvaða heildartekjur eru lagðar til grundvallar útreikningi, svo að sjóðfélaga megi vera ljóst við hvaða mörk lækkun örorkulífeyris vegna tekna er miðað“. Slíkur

úrskurður stefnda um örorkulífeyri stefnanda hafi legið fyrir frá árinu 2000. Breytingar á forsendum örorkulífeyris verði því ekki gerðar nema með breytingu á slíkum úrskurði. Áður en stefndi hrinti ákvörðun um að skerða lífeyrisréttindi stefnanda í framkvæmd hefði honum borið að eiga frumkvæði að því að veita stefnanda upplýsingar um fyrirhugaða ákvörðun og gefa honum kost á að koma að sínum sjónarmiðum. Þannig hafi stefnda borið, að undangenginni viðhlítandi málsmeðferð, að úrskurða um réttindi stefnanda með formlegum hætti þar sem fram kæmu m.a. þær forsendur sem yrðu lagðar til grundvallar ákvörðun fjárhæðar örorkulífeyrisins. Það hafi ekki verið gert.

Breytingin hafi verið gerð einhliða og án nokkurs samráðs við stefnanda. Málsmeðferð stefnda hafi því ekki verið í samræmi við þær kröfur sem gerðar séu til úrlausnar lífeyrissjóða á mikilvægum réttindum sjóðfélaga þeirra samkvæmt fyrirbyggjandi dómaframkvæmd og heldur ekki í samræmi við samþykktir stefnda sjálfs. Ákvarðanir stefnda um að hefja skerðingu vegna barnalífeyris hafi að þessu leyti verið haldnar verulegum annmörkum sem leiði til þess að þær séu ólögmætar.

Þá hafi ákvörðun um breytta framkvæmd verið tekin af Greiðslustofu lífeyrissjóða en ekki stefnda. Slík ákvarðanatataka falli ekki undir heimildir eða hlutverk Greiðslustofu samkvæmt fyrirbyggjandi samstarfssamningi hennar og lífeyrissjóða. Greiðslustofan sinni nú lífeyrissjóðum og ákvörðunin hafi ekki verið „sniðin að stefnda sérstaklega“. Þetta hafi verið í andstöðu við lög nr. 129/197, samþykktir stefnda, samstarfssamning og starfsreglur stjórnar stefnda. Þegar af þeirri ástæðu sé ákvörðunin ólögmæt. Engu breyti um lögmæti hennar að stefndi hafi ári seinna staðfest ákvörðun Greiðslustofu. Hún sé jafn ólögmæt fyrir það. Enda hafi við staðfestingu stefnda enginn rökstuðningur fylgt þeirri ákvörðun.

Viðurkenningarkröfur stefnanda byggjast á 25. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Stefnandi hafi lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um lögmæti athafna stefnda enda hafi þær leitt til skerðingar á greiðslum til stefnanda. Stefnandi hafi þannig ríka og beina hagsmuni af dómsmálinu enda muni niðurstaðan hafa bein áhrif á fjárhagsleg réttindi stefnanda. Hafi stefnandi sigur í málinu muni greiðslur til hans mögulega hækka til framtíðar og hann eiga kröfu á stefnda um vangoldnar lífeyrisgreiðslur og taki kröfugerð hans mið af því.

### III

#### Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og hafnar öllum málsástæðum stefnanda sem röngum og ósönnuðum. Stefndi byggir á því að honum hafi verið heimilt að breyta framkvæmd sinni við tekjuathuganir með þeim hætti sem gert var, þannig að við mat á tekjum stefnanda og annarra sjóðfélaga yrði litið til barnalífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins. Stefndi byggir einnig á því að honum hafi verið heimilt að skerða greiðslur örorkulífeyris til stefnanda þar sem niðurstaða tekjuathugana stefnda

hafi verið sú að tekjur stefnanda, m.a. að teknu tilliti til greiðslna barnalífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, væru hærri en framreiknaðar viðmiðunartekjur hans. Af þeim sökum beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Stefndi vísar til þess að samkvæmt 15. gr. laga nr. 129/1997 eigi sjóðfélagi rétt á örorkulífeyri verði hann fyrir orkutapi sem metið sé 50% eða meira, hafi greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Örorkulífeyrir sé ætlaður til að bæta sjóðfélaga þann tekjumissi sem hann hafi orðið fyrir vegna orkutaps. Af þeim sökum eigi örorkulífeyrir ekki að vera hærri en sem nemi þeim tekjumissi sem sjóðfélagi hafi orðið fyrir vegna orkutapsins. Í ákvæðinu sé ekki mælt fyrir um það hvernig skuli meta þann tekjumissi sem sjóðfélagi hafi orðið fyrir sökum orkutaps. Þvert á móti sé þar gert ráð fyrir því að lífeyrissjóðir hafi verulegt svigrúm til þess að útfæra reglur þar um í samþykktum sínum. Þannig segi í 7. mgr. 15. gr. að frekari ákvæði um örorkulífeyri, svo sem um örorkumat, fjárhæð örorkulífeyris, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu skuli sett í samþykktum lífeyrissjóðsins. Við mat á svigrúmi stefnda til að útfæra nánar í samþykktum sínum reglur um örorkulífeyri sjóðfélaga verði að hafa hugfast að stefndi sé sameignarsjóður sem njóti ekki bakábyrgðar neins. Eignir stefnda eigi rætur að rekja til iðgjalda sem sjóðfélagar og vinnuveitendur þeirra hafi innt af hendi til stefnda. Sé stefnda af þeim sökum skylt að haga greiðslum til sjóðfélaga í samræmi við efnahag sinn hverju sinni og verði eignir hans að duga fyrir lífeyrisskuldbindingum.

Eins verði að athuga að ekki sé nægjanlegt að taka aðeins tillit til þeirra sem þegar séu byrjaðir að taka lífeyri heldur verði stefndi að tryggja hag allra sjóðfélaga sinna til framtíðar. Hafi stefndi því leitast við að taka mið af hagsmunum allra sjóðfélaga sinna við ákvörðun um lífeyrisgreiðslur og útfærslu reglna þar um í samþykktum sínum. Um þetta atriði vísar stefndi til 27. gr. laga nr. 129/1997 þar sem fram komi að samþykktir lífeyrissjóðs skuli miðaðar við að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Einnig vísi stefndi til 1. mgr. 39. gr. laganna þar sem meðal annars komi fram að hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skuli vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Vísar stefndi í þessu sambandi til greinar 2.4 í samþykktum stefnda þar sem fram komi að stefndi leggi sérstaka áherslu á ellilífeyristryggingar og áskilji sér heimild til að verja og efla þau réttindi umfram önnur við endurskoðun á réttindaákvæðum samþykktanna.

Í samþykktum stefnda sé kveðið nánar á um rétt sjóðfélaga til örorkulífeyris sem og útreikning á tekjumissi þeirra vegna orkutaps. Vísar stefndi í þessu sambandi einkum til ákvæðis greinar 19.3 í samþykktum stefnda eins og þær voru samþykktar á ársfundi sjóðsins hinn 16. maí 2013. Í ákvæðinu komi fram að samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir frá stefnda skuli aldrei vera hærri en sem nemi þeim tekjumissi sem sjóðfélagi hafi sannanlega orðið fyrir sökum örorku. Við mat á því hvort tekjuskerðing

hafi orðið skuli leggja til grundvallar meðaltal tekna sjóðfélaga síðustu fjögur ár fyrir orkutapið og séu þær kallaðar viðmiðunartekjur. Viðmiðunartekjur séu síðan framreiknaðar á grundvelli vísitölu neysluverðs. Ef hið fjögurra ára meðaltal er sjóðfélaganum óhagstætt er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal tekna allt að átta ár aftur í tímann. Hafi það verið raunin í tilviki stefnanda, en við útreikning á viðmiðunartekjum hans hafi verið miðað við meðaltal tekna hans síðustu átta ár fyrir orkutap hans en hvorki sé tekið tillit til þess árs sem hann hafi haft lægstar tekjur né hæstar. Tekjumissir sé síðan mismunur framreiknaðra viðmiðunartekna og heildartekna eftir að örorka hafi verið metin, þar með taldar séu tekjur af lífeyris- og bótagreiðslum frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundnum tryggingabótum vegna örorkunnar. Loks segi í ákvæðinu að samanburður á tekjum örorkulífeyrisþega við viðmiðunartekjur skuli fara fram árlega eða oftar.

Til að koma í veg fyrir að samanlögð fjárhæð örorkulífeyris og barnalífeyris frá stefnda verði hærri en sem nemi þeim tekjumissi sem sjóðfélagi hafi sannanlega orðið fyrir vegna örorku sinnar geri Greiðslustofa lífeyrissjóða, f.h. stefnda, tekjuathugun á þriggja mánaða fresti, þ.e. í febrúar, maí, ágúst og nóvember ár hvert. Tekjuathugun geti eftir atvikum leitt til þess að lífeyrir örorkulífeyrisþega hækki, lækki eða falli niður. Ef niðurstaða tekjuathugunar er sú að tekjur örorkulífeyrisþega á tilteknu tímabili séu hærri en sem nemi framreiknuðum viðmiðunartekjum hans séu greiðslur örorkulífeyris til viðkomandi öryrkja skertar. Sú hafi einmitt verið raunin í þeim tilvikum þegar greiðslur örorkulífeyris til stefnanda voru skertar. Skerðingar örorkulífeyris taki gildi við næstu greiðslu en ekki sé um að ræða skerðingar aftur í tímann.

Um rétt örorkulífeyrisþega til barnalífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins sé fjallað í 20. gr. laga nr. 100/2007. Þar komi m.a. fram að barnalífeyrir sé greiddur með börnum yngri en 18 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar skuli greiddur tvöfaldur barnalífeyrir. Barnalífeyrir greiðist foreldrum barna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða öðrum þeim er annast framfæri þeirra að fullu, sbr. 5. mgr. 20. gr. laganna. Stefndi vísar til þess að af ákvæði 20. gr. laga nr. 100/2007 leiði að það sé grundvallarskilyrði fyrir greiðslu barnalífeyris að annað hvort foreldri barns eða þeir báðir séu öryrkjar. Að öðrum kosti stofnist ekki réttur til barnalífeyris frá Tryggingastofnun. Verði því að telja að greiðslur barnalífeyris frá Tryggingastofnun séu beinlínis til komnar vegna örorku. Greiðslur barnalífeyris séu til þess fallnar að auka ráðstöfunartekjur þeirra sem þeirra njóti. Einnig verði að athuga að ráðstöfun barnalífeyris sé ekki bundin sérstökum takmörkunum og sé því frjálst í hendi þeirra sem slíkra greiðslna njóti. Í ljósi framangreinds verði að mati stefnda að leggja til grundvallar að barnalífeyrir teljist til tekna örorkulífeyrisþega og að stefnda hafi við athuganir á tekjum stefnanda verið heimilt að líta til þeirra tekna stefnanda.

Þegar úrskurður um örorkulífeyri stefnanda var kveðinn upp á árinu 2000 hafi ekki verið gert ráð fyrir að litið yrði til greiðslna frá almannatryggingum við tekjuathuganir af hálfu stefnda. Samþykktum stefnda hafi síðan þá ítrekað verið breytt. Í kjölfar breytinga á samþykktum stefnda árið 2006 hafi stefndi hafið vinnu við breytingar á verklagi við gerð tekjuathugana. Frá árinu 2008 hafi stefndi við gerð tekjuathugana litið til greiðslna frá almannatryggingum. Þær breytingar hafi svo verið samþykktar á ársfundi Greiðslustofu lífeyrissjóða árið 2015, þ.e. að frá 1. janúar 2015 yrði litið til greiðslna barnalífeyris frá Tryggingastofnun við tekjuathuganir. Hafi það falið í sér eðlilegt og rökrétt framhald af hinni breyttu framkvæmd hjá stefnda. Ekki hafi þurft að koma til frekari breytinga á samþykktum stefnda þar sem þegar hafi verið fyrir hendi heimild í samþykktum stefnda til að líta til tekna sjóðfélaga frá almannatryggingum.

Stefndi telur enn fremur að málefnaleg rök hafi búið að baki hinni breyttu framkvæmd. Vísar stefndi í því sambandi til þess að útgjöld vegna örorkulífeyris hafi aukist á undanförunum árum. Stefnda sé skylt að haga greiðslum til sjóðfélaga í samræmi við efnahag sinn hverju sinni. Stefndi bendir einnig á að hin breytta framkvæmd hafi fyrst og fremst lotið að því að færa gerð tekjuathugana til samræmis við orðalag 1. mgr. 15. gr. laga nr. 129/1997, sem og ákvæði samþykktu stefnda, enda sé þar gert ráð fyrir því að örorkulífeyrisþegar eigi rétt á greiðslum sem nemi tekjumissi þeirra vegna orkutaps. Þar sem greiðslur barnalífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins teljist vera tekjur í hendi þeirra örorkulífeyrisþega sem slíkar tekjur þiggja, þá sé stefnda rétt að líta til þeirra við tekjuathuganir sínar.

Með vísan til framangreinds, sem og 15. gr. laga nr. 129/1997 og ákvæðis 19.3 í samþykktum stefnda verði að leggja til grundvallar að stefnda hafi verið heimilt að líta til greiðslna barnalífeyris sem stefnandi naut frá Tryggingastofnun ríkisins við mat á tekjum stefnanda í kjölfar hinnar breyttu framkvæmdar árið 2015. Þá hafi stefnda einnig verið heimilt að skerða greiðslur örorkulífeyris til stefnda í kjölfar hinnar breyttu framkvæmdar enda hafi tekjuathuganir leitt í ljós að tekjur hans, að teknu tilliti til greiðslna barnalífeyris, væru hærrí en framreiknaðar viðmiðunartekjur hans. Verði því að hafna þeim málatilbúnaði stefnanda að þessi framkvæmd hafi brotið gegn samþykktum eða reglum stefnda.

Í stefnu sé því haldið fram að stefndi hafi með hinni breyttu framkvæmd við tekjuathuganir brotið gegn jafnræði sjóðfélaga og ekki gætt meðalhófs. Þeim málatilbúnaði hafni stefndi. Raunar virðist ákveðins misskilnings gæta hjá stefnanda á því hvað felist í hinni breyttu framkvæmd stefnda eftir að forsendum að baki tekjuútreikninga var breytt. Bendi stefndi í þessu sambandi á að stefnandi virðist ganga út frá því að hin breytta framkvæmd feli sjálfkrafa í sér skerðingar á örorkulífeyri til allra sjóðfélaga stefnda sem fá greiddan barnalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins en á sama tíma hafi greiðslur örorkulífeyris til mikils meirihluta sjóðfélaga stefnda áfram verið

óskertar. Þessi skilningur stefnanda á hinni breyttu framkvæmd stefnda sé rangur. Hið rétta sé að hin breytta framkvæmd feli aðeins í sér að við tekjuathugun stefnda sé litið til greiðslna barnalífeyris frá Tryggingastofnun auk annarra greiðslna sem sjóðfélagar stefnda njóti frá almannatryggingum við mat á því hvort þeir hafi orðið fyrir tekjumissi sökum orkutaps síns. Tekjuathugun geti eftir atvikum leitt til þess að lífeyrir örorkulífeyrisþega hækki, lækki eða falli niður. Greiðslur örorkulífeyris til sjóðfélaga stefnda sæti eftir sem áður aðeins skerðingum ef niðurstaða tekjuathugunar er sú að tekjur þeirra á tilteknu tímabili hafi verið hærri en sem nemi framreiknuðum viðmiðunartekjum þeirra. Líkt og áður hafi verið rakið telji stefndi að sú framkvæmd sé í samræmi við 15. gr. laga nr. 129/1997, ákvæði samþykktu stefnda og eðli örorkulífeyris, sem aldrei eigi að nema hærri fjárhæð en sem nemi tekjumissi sjóðfélaga.

Stefndi leggur áherslu á að hin breytta framkvæmd hafi raun aðeins verið eðlilegt framhald af þeim breytingum sem hafi verið gerðar á samþykktum stefnda árið 2006 og gerð tekjuathugana á árinu 2008, þegar stefndi hafi byrjað að líta til greiðslna frá almannatryggingum við mat á tekjum örorkulífeyrisþega. Áður hafi verið vikið að tilgangi og markmiðum þeirra breytinga. Sömu sjónarmið búi að baki þeim breytingum sem hafi verið gerðar árið 2015 en markmið þeirra hafi einnig verið að færa gerð tekjuathugana betur til samræmis við ákvæði 1. mgr. 15. gr. laga nr. 129/1997, sem og ákvæði greinar 19 í samþykktum stefnda, með því að telja greiðslur barnalífeyris frá Tryggingastofnun til tekna hjá örorkulífeyrisþegum stefnda. Að mati stefnda verði því að leggja til grundvallar að breytingarnar hafi byggst á málefnalegum sjónarmiðum.

Stefndi byggir á því að afleiðing hinnar breyttu framkvæmdar sé sú að við mat á tekjum örorkulífeyrisþega við tekjuathuganir stefnda sé litið til greiðslna barnalífeyris frá Tryggingastofnun auk greiðslna frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem áður hafi verið litið til. Ef niðurstaða tekjuathugunar er sú að tekjur örorkulífeyrisþega á tilteknu tímabili hafi verið hærri en framreiknaðar viðmiðunartekjur hans miðað við sama tímabil, þá sé örorkulífeyrir viðkomandi örorkulífeyrisþega skertur. Þrátt fyrir að hin breytta framkvæmd hafi leitt til skerðinga örorkulífeyris hjá stefnanda, og kunni að hafa leitt til skerðinga hjá öðrum þeim sem þiggja barnalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, telji stefndi ekki þar með sagt að um mismunun eða brot gegn jafnræði sjóðfélaga sé að ræða. Þvert á móti telji stefndi að leggja verði til grundvallar að sú sé ekki raunin. Í því sambandi verði að athuga að tekjuathuganir séu gerðar með sama hætti hjá öllum þeim sem þiggja örorkulífeyri frá stefnda. Þau viðmið sem litið sé til við mat á tekjum örorkulífeyrisþega stefnda séu, líkt og áður hefur verið rakið, byggð á málefnalegum sjónarmiðum og eigi við um alla þá sem eins sé ástatt um. Í ljósi framangreinds verði einnig að hafna þeim málalíbúnaði stefnanda að stefndi hafi gengið lengra en nauðsynlegt hafi verið til þess að ná því markmiði sem að var stefnt.

Stefndi vísar til þess að ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar girði ekki fyrir möguleika stefnda til þess að takmarka rétt stefnanda til örorkulífeyris við þá fjárhæð sem geri hann jafnsettan og ef orkutap hefði ekki orðið. Önnur niðurstaða væri beinlínis í andstöðu við ákvæði 15. gr. laga nr. 129/1997 og það eðli örorkulífeyris að bæta þann tekjumissi sem örorkulífeyrisþegi hafi orðið fyrir vegna orkutaps. Þessu til samræmis hafi í samþykktum stefnda og forvera hans verið mælt fyrir um að réttur sjóðfélaga til örorkulífeyris stofnist aðeins hafi hann orðið fyrir tekjuskerðingu vegna orkutaps og að samanlögð fjárhæð örorkulífeyris og barnalífeyris frá stefnda skuli aldrei vera hærri en sem nemi þeim tekjumissi sem sjóðfélagi hafi sannanlega orðið fyrir. Hafi slíkt ákvæði verið að finna í samþykktum Lífeyrissjóðs Norðurlands þegar stefnanda var úrskurðaður örorkulífeyrir.

Stefndi telur, með vísan til sömu röksemda og að framan séu raktar, að stefnandi hafi ekki getað haft réttmætar væntingar til þess að fjárhæð örorkulífeyris hans myndi ekki sæta neinum skerðingum þrátt fyrir að tekjur hans yrðu hærri en sem næmi framreiknuðum viðmiðunartekjum hans. Þvert á móti verði að leggja til grundvallar að stefnandi hafi aðeins getað haft væntingar til þess að fjárhæð örorkulífeyris miðaðist við gildandi lög og samþykktir stefnda á hverjum tíma. Þá verði að hafa í huga að stefndi sé sameignarsjóður. Af þeirri ástæðu geti réttindi sjóðfélaga tekið breytingum í samræmi við hagsmuni annarra sjóðfélaga og stöðu sjóðsins hverju sinni.

Þá sé því mótmælt að um afturvirka skerðingu á réttindum stefnanda hafi verið að ræða. Í þessu sambandi bendi stefndi á að samkvæmt ákvörðun ársfundar Greiðslustofu lífeyrissjóða sem var haldinn 19. mars 2015 skyldi barnalífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins framvegis vera tekinn með við tekjuathuganir. Hafi þar verið ákveðið að litið yrði til greiðslna barnalífeyris frá og með 1. janúar 2015 en það hafi komið til framkvæmda í september 2015. Alls hafi greiðslur örorkulífeyris til stefnanda verið skertar í tuttugu skipti á tímabilinu september 2015 til nóvember 2017. Ástæður skerðinganna megi rekja til þess að tekjuathuganir hafi leitt í ljós að tekjur stefnanda voru hærri en framreiknaðar viðmiðunartekjur hans. Engin af skerðingunum hafi verið afturvirk enda komi skerðingar í kjölfar tekjuathugana til framkvæmda við næstu útgreiðslu eftir tekjuathugun en leiðréttingar fari ekki fram aftur í tímann. Þá séu ítrekuð þau sjónarmið sem áður hafa verið rakin um að stefnandi hafi ekki getað haft væntingar til þess að greiðslur örorkulífeyris yrðu óbreyttar alla tíð. Verði því að hafna þeim málalíbúnaði stefnanda að um afturvirkar skerðingar hafi verið að ræða.

Stefndar hafnar því enn fremur að viðhlítandi lagaheimild hafi ekki verið fyrir hendi fyrir skerðingunni. Vísar stefndi í þessu sambandi til ákvæða 1. og 7. mgr. 15. gr. laga nr. 129/1997 en þar sé gert ráð fyrir því að stefndi hafi víðtækt svigrúm til þess að útfæra nánar í samþykktum sínum reglur um örorkulífeyri, svo sem um örorkumat, fjárhæð örorkulífeyris, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans. Að mati stefnda feli

ákvæðið í sér heimild fyrir hann til þess að breyta framkvæmd sinni við tekjuathuganir með þeim hætti sem hafi verið gert. Jafnframt verði að leggja til grundvallar að heimild til hinnar breyttu framkvæmdar hafi þegar verið fyrir hendi í samþykktum stefnda sem hafi verið staðfestar af ráðherra í samræmi við 28. gr. laga nr. 129/1997. Því hafi ekki þurft að koma til frekari breytinga á þeim í tengslum við hina breyttu framkvæmd.

Loks ítrekar stefndi það sem áður hefur komið fram um að hin breytta framkvæmd hafi verið almenn, byggst á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér mismunun gagnvart sjóðfélögum stefnda. Þá hafi stefndi heldur ekki gengið lengra en nauðsyn bar til í því skyni að ná þeim markmiðum sem að var stefnt.

Í 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar sé mælt fyrir um að öllum, sem þess þurfa, skuli tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra tilvika. Af dómaframkvæmd megi ráða að í ákvæðinu felist m.a. að skylt sé að lögum að tryggja rétt sérhvers einstaklings til að minnsta kosti lágmarksframfærslu eftir fyrir fram gefnu skipulagi sem ákveðið sé á málefnalegan hátt. Ákvæðið tryggi þannig öllum einstaklingum ákveðinn lágmarksrétt og kveði þannig á um tiltekið öryggisnet sem grípi alla, óháð hjúskaparstöðu, atvinnuþátttöku o.s.frv. Af 2. gr. stjórnarskrárinnar leiði að það komi í hlut löggjafans að afmarka þennan rétt frekar. Þeirri skyldu hafi löggjafinn einkum sinnt með setningu laga nr. 100/2007 sem og lögum um ýmsa félagslega þjónustu, svo sem lögum nr. 99/2007 um félagslega aðstoð og lögum nr. 40/1991 um félagslega þjónustu sveitarfélaga. Þrátt fyrir að í lögum nr. 129/1997 sé mælt fyrir um rétt einstaklinga til greiðslna vegna örorku, elli og sambærilegra atvika verði að athuga að það eiga ekki allir rétt á slíkum greiðslum frá lífeyrissjóðum, ólíkt því sem eigi við í tilviki almannatrygginga.

Af 1. gr. laga nr. 129/1997 leiði að aðild að lífeyrissjóðum sé einungis bundin við þá einstaklinga sem hafi verið á vinnumarkaði. Það séu því fjölmargir einstaklingar sem reiði sig eingöngu á almannatryggingakerfið og eigi ekki rétt til greiðslna frá lífeyrissjóðum eða afar takmarkaðan rétt. Ástæðan fyrir því geti verið sú að þeir hafi orðið fyrir orkutapi áður en þeir komu út á vinnumarkaðinn, starfsævi þeirra hafi verið áður en mælt hafi verið fyrir um skylduaðild að lífeyrissjóðum eða að þeir hafi ekki greitt til lífeyrissjóðs. Samkvæmt þessu sé ljóst að það séu lífeyristryggingar almannatrygginga sem séu öryggisnetið sem mælt sé fyrir um í 76. gr. stjórnarskrárinnar en ekki hinir almennu lífeyrissjóðir. Það að löggjafinn hafi mælt fyrir um skylduaðild að lífeyrissjóðum sem eigi að tryggja einstaklingum framfærslu og létta á almannatryggingakerfinu breyti því ekki að öryggisnetið, sem tryggi öllum lágmarksframfærslu, ef annað brestur, og fullnægi þannig kröfum 76. gr. stjórnarskrárinnar, sé almannatryggingakerfið. Af framangreindu leiði að ákvæði 76. gr. stjórnarskrárinnar geti ekki komið í veg fyrir þær breytingar sem hafi verið gerðar á forsendum að baki tekjuathugun stefnda á árinu 2015 og leitt hafi til skerðingar á greiðslu

örorkulífeyris til stefnanda. Verði því að hafna málatilbúnaði stefnanda að þessu leyti. Í öllu falli telji stefndi að leggja verði til grundvallar að löggjafinn hafi talið hagsmuni öryrkja nægilega tryggða með þeim hætti að þeim yrði aðeins bættur sá tekjumissir sem þeir hefðu orðið fyrir vegna orkutaps. Þar sem hin breytta framkvæmd stefnda samræmist því fyrirkomulagi verði að hafna því að stefndi hafi brotið gegn 76. gr. stjórnarskrárinnar.

Stefndi hafni því að hann hafi með hinni breyttu framkvæmd afnumið rétt stefnanda til barnalífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins og þannig brotið gegn 76. gr. stjórnarskrárinnar. Þrátt fyrir skerðingar á örorkulífeyri stefnanda í kjölfar hinnar breyttu framkvæmdar hafi hann eftir sem áður notið greiðslna barnalífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins. Hafi hin breytta framkvæmd aðeins áhrif á fjárhæð örorkulífeyris sem stefnandi hafi notið frá stefnda en ástæður þeirra skerðinga sé að rekja til þess að tekjur stefnanda á nánar tilteknum tímabilum hafi verið hærri en sem nam framreiknuðum viðmiðunartekjum hans. Gat stefnandi af þeirri ástæðu ekki átt rétt á hærri örorkulífeyri frá stefnda en raun bar vitni. Þá sé því hafnað að skertur hafi verið réttur barna stefnanda samkvæmt 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrár, auk þess sem þau eru ekki aðilar málsins, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefndi hafnar því einnig að hann hafi með hinni breyttu framkvæmd „eignað sér bætur Tryggingastofnunar án lagaheimildar“. Stefndi áréttar að hin breytta framkvæmd hafi falið í sér að litið væri til greiðslna barnalífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins við tekjuathuganir stefnda. Leiði tekjuathugun í ljós að tekjur sjóðfélaga séu hærri en framreiknaðar viðmiðunartekjur þá séu greiðslur örorkulífeyris skertar, ekki barnalífeyris. Sú framkvæmd sé sem fyrr segir í samræmi við þau grunnsjónarmið er búi að baki örorkulífeyri frá lífeyrissjóði, að bæta sjóðfélaga þann tekjumissi er hann hafi orðið fyrir vegna orkutaps. Í kjölfar þeirra breytinga sem hafi orðið á framkvæmd stefnda hafi stefnandi eftir sem áður notið greiðslna barnalífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins á meðan skilyrði slíkra greiðslna hafi verið fyrir hendi. Sé það því rangt að stefndi hafi tekið þær greiðslur til sín og hafi verið þiggjandi barnalífeyris úr almannatryggingakerfinu í stað stefnanda.

Þá mótmælir stefndi því að hin breytta framkvæmd sé sambærileg því ef vinnuveitandi tæki einhliða ákvörðun um að skerða laun starfsmanna sem fengju meðlag, uppbætur vegna lyfjakostnaðar eða aðrar sambærilegar greiðslur. Athuga verði sérstaklega í þessu sambandi að eðli örorkulífeyris frá stefnda og launa frá vinnuveitanda sé gjörólíkt. Eins og áður hafi komið fram sé örorkulífeyri frá stefnda ætlað að bæta sjóðfélaga þann tekjumissi sem hann hafi orðið fyrir sökum orkutaps. Vinnulaun séu á hinn bóginn endurgjald fyrir vinnu sem launamaður hefur innt af hendi. Sé þeim ekki ætlað að bæta tekjumissi starfsmanns með neinu móti.

Loks hafnar stefndi því að málsmeðferð hans hafi verið haldin verulegum annmörkum. Ekki hafi þurft að kveða upp annan úrskurð um örorkulífeyri stefnanda í

kjölfar hinnar breyttu framkvæmdar enda hafi, allt frá því að úrskurður um örorkulífeyri hans hafi verið kveðinn upp, verið gert ráð fyrir því að örorkulífeyrir skyldi aldrei vera hærri en sem næmi tekjumissi hans miðað við framreiknaðar viðmiðunartekjur hans og gæti því alltaf tekið breytingum. Þá liggi fyrir að Greiðslustofa lífeyrissjóða sendi stefnanda tilkynningar áður en til skerðinga á örorkulífeyri hans komi, t.a.m. tilkynningu 19. ágúst 2015 og 11. nóvember 2015.

#### IV

##### Niðurstaða

Ágreiningur í máli þessu lýtur að því hvort stefnda hafi verið heimilt að skerða örorkulífeyrisgreiðslur stefnanda með því að telja barnalífeyri, sem stefnandi fékk frá Tryggingastofnun ríkisins á grundvelli laga nr. 100/2007, til tekna hans þannig að leiddi til skerðingar á örorkulífeyrisgreiðslum til stefnanda og hvernig að þeirri ákvörðun hafi verið staðið. Fyrir liggur að stefnandi hefur á grundvelli úrskurðar stefnda frá 29. maí 2000 fengið greiddan örorkulífeyri frá stefnda frá 1. janúar sama ár, á grundvelli laga nr. 129/1997 og samþykka stefnda.

Stefnandi byggir á því að skerðing stefnda á lífeyrisgreiðslum hafi brotið gegn eignarrétti hans sem varinn sé af 72. stjórnarskrárinnar og rétti hans til aðstoðar vegna örorku sem varinn sé af 76. gr. stjórnarskrárinnar. Þá telur stefnandi að ákvörðun og breytt framkvæmd hafi verið byggð á ómálefnalegum sjónarmiðum og ekki hafi verið gætt meðalhófs eða jafnræðis. Þá er byggt á því að ákvörðun um breytta framkvæmd hafi ekki verið tekin af þar til bærum aðila og í trássi við lög nr. 129/1997 og samþykktir stefnda um málsmeðferð og undirbúning slíkrar ákvörðunar.

Stefndi hafnar sjónarmiðum stefnanda og telur breytta framkvæmd og ákvörðun um hana hafa verið í samræmi við lög nr. 129/1997 og samþykktir stefnda. Málefnalegt sé að líta á barnalífeyri frá almannatryggingum sem tekjur. Breytt framkvæmd hafi helgast af þeirri meginreglu að greiðslur frá stefnda séu ekki hærri en sem nemi þeim tekjumissi sem sjóðfélagi hafi sannanlega orðið fyrir vegna örorku sinnar. Tekjuathuganir hafi leitt í ljós að tekjur stefnanda, að teknu tilliti til greiðslna barnalífeyris frá almannatryggingum, voru hærri en framreiknaðar viðmiðunartekjur hans. Þá vísar stefndi til þess að útgjöld vegna örorkulífeyris hafi aukist á undanförunum árum og að stefnda sé skylt að haga greiðslum til sjóðfélaga í samræmi við efnahag sinn hverju sinni.

Ekki er tölulegur ágreiningur með aðilum. Stefnandi gerir ekki beina endurgreiðslukröfu í málinu á grundvelli ólögsmætrar ákvörðunar um skerðingu réttinda hans heldur viðurkenningarkröfu á grundvelli 25. gr. laga nr. 91/1991 um að stefnda hafi verið óheimilt að skerða örorkulífeyrisgreiðslur til hans frá 1. janúar 2015 með því að telja barnalífeyri til tekna hans. Þá lýtur annar hluti kröfugerðarinnar að því að viðurkennt verði að stefnda sé skylt að greiða stefnanda vangoldnar örorkulífeyrisgreiðslur frá og

með 1. janúar 2015 og þriðji hlutinn að viðurkenningu á fyrningarslitum kröfu hans frá þeim tíma. Þótt vera kunnir að stefnanda hafi verið fært að setja kröfur sínar í annan búning verður að líta svo á að ekkert sé því til fyrirstöðu að hann geri það með framangreindum hætti. Þá er annar og þriðji hluti kröfugerðarinnar nauðsynlegur til að kveða á um réttindi stefnanda til greiðslna úr hendi stefnda verði fallist á fyrsta kröfuliðinn.

Stefndi er lífeyrissjóður og starfar sem slíkur á grundvelli laga nr. 129/1997. Samkvæmt 15. gr. laganna á sjóðfélagi rétt til örorkulífeyris ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira, hefur greitt í lífeyrissjóðinn í að minnsta kosti tvö ár og hefur orðið fyrir tekjuskurðingu af völdum orkutapsins. Í ákvæðinu er ekki að finna nánari reglur um það hvernig eigi að meta tekjuskurðingu sem sjóðfélagi verður fyrir vegna orkutaps, en í 7. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um að setja beri frekari reglur um örorkulífeyri í samþykktir lífeyrissjóðanna, svo sem um örorkumat, fjárhæð örorkulífeyris, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans. Í athugasemdum við 15. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 129/1997 kemur m.a. fram að í ákvæðinu séu settar almennar reglur um örorkulífeyri með hliðsjón af þeim reglum sem gildi almennt hjá lífeyrissjóðum. Lagt sé til að sjóðfélagi sem fullnægi þeim skilyrðum sem tilgreind séu í 1. mgr. eigi ávallt rétt á örorkulífeyri miðað við áunnin réttindi. Þá sé gert ráð fyrir að í samþykktum verði settar ítarlegar reglur um örorkulífeyri og að fjallað verði um útreikninginn í samþykktum, svo sem um það hvaða áhrif aðrar tekjur hafi á lífeyri.

Í 23. gr. laga nr. 129/1997 segir að lífeyrissjóður ábyrgist skuldbindingar sínar með eignum sínum. Þá kemur fram í 24. gr. að árlega skuli stjórn lífeyrissjóða láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins í samræmi við 39. gr. laganna þar sem segir að hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skuli vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skuli miðuð við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun taki mið af og hrein eign til greiðslu lífeyris skuli á hverjum tíma metin í samræmi við 24. gr. Þá segir í 3. mgr. 39. gr. að stjórn lífeyrissjóðs sé skylt að fá álit tryggingafræðings á áhrifum breytinga á samþykktum lífeyrissjóðs á getu hans til þess að greiða lífeyri. Þá sé tryggingafræðingi lífeyrissjóðs skylt að skýra stjórn sjóðsins þegar í stað frá því leiði tryggingafræðileg úttekt í ljós að sjóðurinn standi ekki við skuldbindingar sínar, skila tillögum til úrbóta til stjórnar og gera Fjármálaeftirlitnu viðvart.

Í 27. gr. laganna segir að samþykktir lífeyrissjóðs skuli við það miðaðar að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Jafnframt segir að í samþykktum skuli kveðið á um réttindi sjóðfélaga eða aðstandenda þeirra til lífeyris, hvernig útreikningi þessara réttinda skuli háttáð og hver séu nánari skilyrði lífeyrisréttar. Þá skuli þar kveðið á um framkvæmd lífeyrisgreiðslna. Þá segir í 28. gr. að allar breytingar á samþykktum

lífeyrissjóðs skuli tilkynna ráðherra og öðlist þær ekki gildi fyrr en ráðherra hafi staðfest að þær fullnægi ákvæðum laganna og ákvæðum gildandi samþykktu fyrir lífeyrissjóðinn að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins.

Lífeyrissjóðum hefur verið játað talsvert svigrúm til að setja reglur um frekari skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris en mælt er fyrir um í lögum nr. 129/1997, sbr. 7. mgr. 15. gr. og 8. tölulið 2. mgr. 27. gr. þeirra, en að því tilskildu að slík skilyrði séu málefnaleg og jafnræðis sé gætt gagnvart sjóðfélögum. Þá verður að telja að lögin veiti lífeyrissjóðum ákveðið svigrúm til að bregðast við aðstæðum og ákveða greiðslu lífeyris í samræmi við fjárhag og horfur sjóðsins til framtíðar, eftir atvikum með því að auka eða skerða greiðslur til sjóðfélaga. Framangreint verður leitt af dómum Hæstaréttar á þessu sviði, sbr. t.d. dóma réttarins í máli nr. 665/2008 og í máli nr. 177/2017. Þá er og ljóst og óumdeilt að virk réttindi sjóðfélaga í lífeyrissjóðum njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 195/1999. Á lífeyrissjóðum hvíla þannig ríkar skyldur til að vanda málsmeðferð sem snertir mikilvæga hagsmuni sjóðfélaga þeirra, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 115/2015. Liður í því er m.a. að tryggja upplýsingagiöf til sjóðfélaga við skerðingu réttinda, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 286/2007. Svigrúmi lífeyrissjóða eru því sett ákveðin takmörk sem geta leitt til þess að ákvarðanir verði ekki taldar lögættar eða á málsmeðferð þeirra verði taldir annmarkar með tilteknum réttaráhrifum.

Í grein 19 í samþykktum stefnda sem samþykktar voru á ársfundi hans 16. maí 2013 kemur fram að sjóðfélagi sem verði fyrir orkutapi, sem talið er að svari til 50% örorku eða meira til almennra starfa, eigi rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin réttindi, sem mælt er fyrir um í 17. gr., og nánari skilmála greinarinnar. Í grein 19.3 er áréttuð sú meginregla að réttur til örorkulífeyris stofnist því aðeins að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins og þá kemur þar fram það meginviðmið að samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir frá stefnda skuli aldrei vera hærri en sem nemi þeim tekjumissi sem sjóðfélagi hafi sannanlega orðið fyrir sökum örorku. Við mat á því hvort tekjuskerðing hafi orðið skuli leggja til grundvallar meðaltal tekna sjóðfélaga síðustu fjögur ár fyrir orkutapið og séu þær kallaðar viðmiðunartekjur. Í því skyni að kanna þetta hefur Greiðslustofa lífeyrissjóða, f.h. stefnda, gert tekjuathuganir á þriggja mánaða fresti, þ.e. í febrúar, maí, ágúst og nóvember ár hvert. Ákvæði um heimild stefnda til að taka tillit til tekna sjóðfélaga frá almannatryggingum við mat á tekjumissi mun hafa verið að finna í samþykktum stefnda allt frá árinu 2006 og mun það hafa verið tekið óbreytt upp í grein 19.3 í samþykktum stefnda sem samþykktar voru á ársfundi sjóðsins 16. maí 2013 og liggja fyrir í máli þessu. Þá er fram komið í málinu að stefndi fór ekki að beita þessari heimild í framkvæmd fyrr en á árinu 2008. Skerðing örorkulífeyrisgreiðslna stefnanda sem um er deilt í þessu máli kom til framkvæmda á árinu 2015.

Stefnandi hefur byggt á því að þar sem hann hafi notið óskertra örorkulífeyrisgreiðslna allt fram til ársins 2015 hafi hann haft réttmætar væntingar til þess að réttindi hans yrðu ekki skert en stefnandi hefur notið greiðslna örorkulífeyris frá stefnda frá árinu 2000, eins og áður er fram komið. Dómurinn fellst ekki á þetta sjónarmið stefnanda. Ljóst er af samþykktum stefnda og því svigrúmi sem lífeyrissjóðum er játað við að taka tillit til tekna örorkulífeyrisþega, eins og ráðið verður af 1. og 7. mgr. 15. gr. og 27. gr. laga nr. 129/1997 og grein 19.3 í samþykktum stefnda, að réttindi sjóðfélaga geta tekið breytingum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Gat stefnandi því ekki, að mati dómsins, haft réttmætar væntingar til þess til framtíðar að örorkugreiðslur til hans yrðu óbreyttar, eins og hann hefur byggt á í málinu. Breytir ekki í þessu sambandi þótt réttindin hafi verið virk og áunnin. Stefnandi gat á hinn bóginn haft væntingar til þess að fjárhæð örorkulífeyris miðaðist við gildandi lög og samþykktir stefnda á hverjum tíma

Fyrir liggur þannig að örorkulífeyrisgreiðslur stefnanda voru ekki skertar vegna barnalífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins fyrr en á árinu 2015, og þá í kjölfar ákvörðunar á aðalfundi Greiðslustofu lífeyrissjóða 19. mars 2015 þar sem ákveðið var að þessar greiðslur yrðu framvegis teknar með í tekjuathugun og að horft yrði til barnalífeyrisgreiðslna frá og með 1. janúar 2015. Stjórn stefnda staðfesti þá ákvörðun á fundi sínum 14. mars 2016. Þá liggur fyrir að Greiðslustofa lífeyrissjóða tilkynnti stefnanda 19. ágúst 2015 um skerðingu á örorkulífeyrisgreiðslum hans þar sem tekjuathugun hefði leitt í ljós að greiðslur til hans væru orðnar hærrí eftir orkutap en tekjur hans hefðu verið fyrir orkutap.

Dómurinn telur að í samræmi við þær skyldur sem hvíla á stefnda sem lífeyrissjóði samkvæmt lögum nr. 129/1997 og þær kröfur sem gerðar eru til lífeyrissjóða og ráðnar verða af dómaframkvæmd á þessu sviði hafi stefnda borið að leggja viðhlítandi grunn að ákvörðun um skerðingu á réttindum sjóðfélaga í ljósi mikilvægis þeirra hagsmuna sem um ræðir og haga undirbúningi ákvörðunar í samræmi við það. Ákvörðun stefnda varð einnig að byggjast á málefnalegum sjónarmiðum og þá þurfti stefndi við ákvarðanatökuna að gæta jafnræðis og meðalhófs.

Ljóst verður að telja að fjárhagsleg staða sjóða og framtíðarhorfur kunni að vera málefnaleg sjónarmið þegar kemur að skerðingu réttinda sjóðfélaga, að því tilskildu að greining hafi farið fram á þessum þáttum sem leitt hafi í ljós þörf fyrir skerðingu. Þá þarf m.a. að vera ljóst að hvaða markmiði skuli stefnt og hver áhrif skerðingar á hagsmuni sjóðfélaga muni verða. Verður þannig að líta svo á lækka megi lífeyrisgreiðslur ef staða sjóðs og hagsmunir sjóðfélaga kalla á það, miðað er við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og greiningu og tekið er tillit til eðlilegra varúðarsjónarmiða.

Í máli þessu háttar þó þannig til að ekki verður séð að ákvörðun um skerðingu hafi byggst á sérstakri könnun, greiningu eða gögnum um stöðu stefnda, hvorki á þeim tíma er ákvörðunin var tekin á vettvangi Greiðslustofu lífeyrissjóða 19. mars 2015 né er stefndi staðfesti þá ákvörðun á fundi stjórnar 14. mars 2016. Í fundargerð af ársfundi Greiðslustofu kemur fram að heildarlífeyrisgreiðslur hafi á árinu 2014 verið 34.539 milljarðar í stað 31.475 milljarða árið áður. Þá segir að fjöldi lífeyrisþega hafi verið 49.690 árið 2014 í stað 47.554 á árinu 2013. Þá hafi hlutfall örorkulífeyrisgreiðslna á árinu 2014 af heildarsameignarlífeyri verið 24,39% í stað 23,59% árið 2013. Fjöldi örorkulífeyrisþega hafi aukist úr 7.487 í 8.213. Þá segir að óvenjumikil aukning hafi verið milli ára sem eigi sér skýringu í lögum um almannatryggingar frá febrúar 2014 þar sem lífeyrissjóðirnir hafi orðið fyrsta stoð örorkulífeyrisþega. Þá segir að það hafi orðið „meiri aukning í fjölda örorkulífeyrisþega sem var 9,7% á milli ára en í prósentuhækkun á hlutfalli í örorkulífeyri sem var 3,4 % á milli ára“. Þetta skýrist af því að umsækjendur sem hafi komið vegna breytinga á lögnum hafi ekki verið með háar greiðslur. Þá komi þeir tímabundið inn á greiðslur frá lífeyrissjóðum en detti svo út þegar þeir séu komnir á fullar greiðslur frá Tryggingastofnun.

Ekki verður séð af þessari almennu umfjöllun að greining hafi farið fram á fjárhagslegri stöðu stefnda sérstaklega eða mat á hagsmunum sjóðfélaga stefnda, fjölda sjóðfélaga sem hún snerti, áhrifum þessarar breytingar eða hvaða markmiði skyldi stefnt að og hver ávinningur af breytingunni yrði. Verður raunar ekki séð að nokkur tryggingafræðileg athugun eða tryggingafræðilegar forsendur hafi legið að baki ákvörðuninni til að meta þörf fyrir skerðingu réttinda vegna stöðu stefnda, sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997 og grein 26.4 í samþykktum stefnda. Þvert á móti er umfjöllun um ákvörðunina og rökstuðningur fyrir henni mjög almennur og án nokkurrar tilgreiningar um stöðu einstakra sjóða. Ekki er því unnt að fallast á með stefnda að breytingin hafi byggst á sjónarmiðum um stöðu stefnda eða hagsmuni sjóðfélaga hans.

Þá gat hið almenna markmið að tryggja að örorkulífeyrir sé ekki hærrí en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélagi hefur orðið fyrir ekki eitt og sér leitt til þess að skerðingin teldist málefnaleg þar sem fyrir liggur að tekjur stefnanda höfðu ekki hækkað heldur var framkvæmdinni breytt. Aftur á móti leiddi breytt framkvæmd til þess að við tekjuathuganir var nú litið til barnalífeyrisgreiðslna stefnanda frá almannatryggingum og þær taldar tekjur, sem leiddi til þess að greiðslur til stefnanda úr sjóðnum lækkuðu. Gat afleiðingin af hinni breyttu framkvæmd ekki verið hin málefnalega ástæða í sjálfu sér, án þess að málefnaleg og rökstudd sjónarmið lægju ákvörðuninni til grundvallar.

Stefnandi byggir á því að aldrei geti talist málefnalegt sjónarmið að skerða örorkulífeyrisgreiðslu sjóðfélaga vegna skertrar starfsgetu með því að líta til barnalífeyris sem tilheyri barni og sé greitt með barni, sbr. 20. gr. og 4. mgr. 64. gr. laga nr. 100/2007. Tilgangur laga nr. 129/1997 sé að tryggja þeim er þess þurfa aðstoð í formi framfærslu

vegna orkutaps og að nánar tilteknum skilyrðum uppfylltum. Fallast verður á með stefnanda að við mat á þeirri þörf geti verið málefnalegt að líta til greiðslna sem eru sambærilegar og örorkulífeyrisgreiðslur og ætlaðar til framfærslu þess einstaklings sem fáir greiddan örorkulífeyri.

Dómurinn telur ljóst að þrátt fyrir að barnalífeyrir sé greiddur til örorkulífeyrisþega sem framfæranda barns sé hann greiddur með barni, sbr. 20. gr. og 4. mgr. 64. gr. laga nr. 100/2007, og til að koma til móts við þann kostnað sem örorkulífeyrisþeginn hefur af framfærslu barns. Greiðslan er háð því skilyrði að barnið eigi foreldri sem er örorkulífeyrisþegi. Þessum greiðslum er ætlað að koma til móts við þann kostnað og þau útgjöld sem örorkulífeyrisþegi ber vegna framfærslu barns og kemur barninu þannig til góða. Örorkulífeyri er á hinn bóginn ætlað að bæta sjóðfélaga þann tekjumissi sem hann hefur orðið fyrir vegna orkutaps.

Þó unnt væri að líta svo á að sú fjárhæð sem örorkulífeyrisþegi hefur til ráðstöfunar aukist vegna barnalífeyrisgreiðslna sem hann nýtur úr almannatryggingum verður ekki talið málefnalegt að líta svo á að um tekjur örorkulífeyrisþegans sé að ræða. Líta verður svo á að barnalífeyrir sé sérstök tegund greiðslna sem er ætlað að aðstoða þá er búa við skerta starfsgetu vegna orkutaps við framfærslu barna og þannig ætlað að mæta þörfum barna. Fallast verður því á með stefnanda að barnalífeyri sé ekki ætlað að mæta sömu þörf og örorkulífeyrisgreiðslum vegna orkutaps á grundvelli 15. gr. laga nr. 129/1997.

Vegna þessa sérstaka eðlis þessara greiðslna gátu þær ekki að óbreyttu leitt til skerðingar á örorkulífeyrisgreiðslum eins og um tekjur stefnanda væri að ræða án þess að stefndi gerði reka að því að breyta samþykktum sínum í þá veru í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997. Verður því að hafna þeim sjónarmiðum að ekki hafi þurft að koma til frekari breytinga á samþykktum stefnda þar sem þegar hafi verið þar fyrir hendi heimild til að líta til tekna sjóðfélaga frá almannatryggingum enda uppfylltu umræddar greiðslur að mati dómsins ekki það skilyrði að geta talist tekjur sjóðfélaga. Raunar verður að fallast á með stefnanda að framkvæmd stefnda hafi auk þess ekki verið í samræmi við grein 19.3 í samþykktum hans þar sem skýrlega er tekið fram að í „úrskurði um lífeyri skal jafnframt greina hvaða heildartekjur eru lagðar til grundvallar útreikningi, svo sjóðfélaga megi vera ljóst við hvaða mörk lækkun örorkulífeyris vegna tekna er miðað“. Bar stefnda því á grundvelli eigin samþykktu að taka nýja ákvörðun um réttindi stefnanda að undangenginni viðhlítandi málsmeðferð og upplýsingagjöf til hans.

Þá gat hið málefnalega sjónarmið ekki falist í því að verið væri að laga gerð tekjuathugana betur að ákvæði 1. mgr. 15. gr. laganna og 19. grein samþykktu stefnda, eins og stefndi hefur haldið fram. Í ljósi framangreinds verður því ekki á það fallist með stefnda að málefnalegt hafi verið að leggja til grundvallar að barnalífeyrir teldist til tekna stefnanda og skerða þannig örorkulífeyrisgreiðslur hans.

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 129/1997 skal í samþykktum lífeyrissjóða kveðið á um fjárhæðir, útreikning og skilyrði örorkulífeyrisgreiðslna og í 2. mgr. 27. gr. segir að í samþykktum skuli kveðið á um hvernig lífeyri skuli háttað. Samkvæmt 28. gr. skuli tilkynna allar breytingar til ráðherra og samkvæmt 29. gr. ber stjórn ábyrgð á starfsemi lífeyrissjóðs. Af þessum ákvæðum leiðir að það er í höndum stjórnar lífeyrissjóðs og á ábyrgð hennar að taka allar helstu ákvarðanir um starfsemi sjóðs, lífeyri, útreikning, breytingu og túlkun samþykta. Þetta er áréttað í ýmsum ákvæðum í samþykktum stefnda, m.a. grein 4.5 og 4.5.1 þar sem mælt er fyrir um að stjórn stefnda skuli fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi og að ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar skuli framkvæmdastjóri aðeins taka á grundvelli sérstakrar ákvörðunar stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórn.

Í málinu liggur fyrir að ákvörðun um breytta framkvæmd var ekki tekin á vettvangi stjórnar stefnda heldur á ársfundi Greiðslustofu lífeyrissjóða 16. mars 2015 sem jafnframt tilkynnti stefnanda um skertar greiðslur síðar sama ár. Engu breytir um þetta þótt erindið hafi samkvæmt fundargerð af ársfundinum verið „sent til framkvæmdastjóra til afgreiðslu hjá sjóðunum“ með tímafresti til 1. apríl sama ár. Ekki verður séð að ársfundur Greiðslustofu lífeyrissjóða hafi haft heimildir til að taka efnislega ákvörðun um breyttar forsendur fyrir útreikningum lífeyrisgreiðslna stefnda sem leiddi til skerðinga á réttindum sjóðfélaga. Þá breytir heldur engu að stjórn stefnda hafi á fundi sínum 14. mars 2016 staðfest ákvörðun Greiðslustofunnar. Dómurinn telur ljóst að ákvörðunin hafi ekki verið tekin af þar til bærum aðila og málsmeðferðin hafi því verið andstæð lögum nr. 129/1997 og samþykktum stefnda. Þá átti þessi málsmeðferð sér heldur ekki stoð í samstarfssamningi um Greiðslustofu lífeyrissjóða. Verður því ekki séð að stefnda hafi verið heimilt að fela öðrum að taka ákvörðun um réttindi sjóðfélaga í andstöðu við ákvæði laga og samþykta. Leiðir þetta til þess að líta verður svo á að ákvörðunin hafi ekki verið tekin með lögmaetum hætti.

Jafnvel þó litið væri til þess að ólögmati ákvörðunarinnar miðaðist einungis við þann tíma sem leið þar til stjórn stefnda staðfesti ákvörðun Greiðslustofunnar 14. mars 2016 verður ekki séð að við þá staðfestingu hafi nokkur greining legið fyrir eða mat verið lagt á forsendur eða nauðsyn ákvörðunarinnar og hefur stefndi ekki gert reka að því að sýna fram á það í málinu. Raunar kemur fram í fundargerð þess fundar að tryggingafræðileg staða sjóðsins hafi batnað verulega á árinu 2015 og verið jákvæð í lok árs og að hrein eign til greiðslu lífeyris hafi hækkað um 13,7% frá fyrra ári. Engar tillögur eru kynntar um breytingar til að auka eignastöðu. Þá verður einnig að hafa í huga að ákvörðunin hafði þá þegar komið til framkvæmda og haft áhrif á stöðu stefnda. Verður því ekki séð að grundvöllur ákvörðunarinnar hafi orðið traustari við staðfestingu stjórnar stefnda.

Við mat á afleiðingum alls þess sem að framan greinir og þeim annmörkum sem voru á undirbúningi og málsmeðferð við töku ákvörðunar sem leiddi til skerðingar á örorkulífeyrisgreiðslum stefnanda hefur grundvallarþýðingu að lífeyrisréttindi stefnanda njóta verndar samkvæmt eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þrátt fyrir að lífeyrissjóðum hafi verið játað verulegt svigrúm til að ákveða greiðslu lífeyris í samræmi við horfur og fjárhag til framtíðar var skerðing þessara virku og áunnu réttinda stefnanda stefnda því aðeins heimil að hún byggðist á málefnalegum og rökstuddum sjónarmiðum sem tækju sannarlega mið af stöðu stefnda og afleiðingum skerðingar fyrir sjóðfélaga og tryggðu að gætt væri meðalhófs og jafnræðis.

Þótt jafnvægi milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóðs sé meðal þeirra sjónarmiða sem málefnalegt er að líta til við ákvarðanatöku lífeyrissjóðs á grundvelli laga nr. 129/1997 leiðir það ekki til þess að ákvörðun sem rökstudd er með vísan til þess markmiðs teljist sjálfkrafa reist á málefnalegum sjónarmiðum. Sú leið sem er farin til að ná fram þessu almenna markmiði laga nr. 129/1997 getur ekki talist vera málefnaleg nema að tryggingafræðilegar forsendur liggi henni til grundvallar. Þá getur það almenna sjónarmið sem leitt verður af lögum nr. 129/1997 og áréttað er í grein 19.3 í samþykktum stefnda að örorkulífeyrir skuli ekki að vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélagi hefur orðið fyrir vegna orkutapsins ekki heldur eitt og sér gefið lífeyrissjóði frjálsar hendur við val á leiðum þegar í ljós kemur að greiðslur til sjóðfélaga eru umfram viðmiðunartekjur.

Dómurinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að það hafi ekki verið málefnalegt sjónarmið að líta á barnalífeyrisgreiðslur stefnanda úr almannatryggingum sem tekjur sem kæmu þannig til lækkunar á örorkulífeyrisgreiðslum til hans. Var þessi breytta framkvæmd ekki í samræmi við 15. gr. laga nr. 129/1997 og grein 19.3 í samþykktum stefnda og fól í sér skerðingu á réttindum stefnanda sem varin eru af 72. gr. stjórnarskrárinnar. Er fallist á sjónarmið stefnanda þar að lútandi. Þá telur dómurinn að ekki hafi verið lagður viðhlítandi grunnur að ákvörðun um hina breyttu framkvæmd er hún var tekin. Hvorki lágu fyrir tryggingafræðilegar úttektir á stöðu stefnda sem sýndu fram á nauðsyn breytingarinnar né því hvaða áhrif hún hefði á getu stefnda til að standa við skuldbindingar sínar eða á hagsmunum sjóðfélaga. Þá var ákvörðunin tekin af Greiðslustofu lífeyrissjóða og án nægilegs undirbúnings. Loks var ákvörðunin lítið sem ekkert rökstudd gagnvart stefnanda.

Að mati dómsins er þó ekki unnt að fallast á að brotið hafi verið gegn 76. gr. stjórnarskrárinnar þar sem mælt er fyrir um að öllum, sem þess þurfa, skuli tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis örbirgðar og sambærilegra atvika, hvorki 1. mgr. né 3. mgr. ákvæðisins. Ekki verður annað séð af gögnum málsins en að stefnandi hafi fengið greiddan barnalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins á þeim tíma sem um ræðir á grundvelli þeirra laga þrátt fyrir skerðingu stefnda á

örorkulífeyrisgreiðslum en sú skerðing sem mál þetta varðar hafði aðeins áhrif á fjárhæð örorkulífeyris sem greiddur er til stefnanda á grundvelli laga nr. 129/1997. Er sjónarmiðum stefnanda þar að lútandi því hafnað.

Í samræmi við allt framangreint er það niðurstaða dómsins að ákvörðun um breytta framkvæmd vegna barnalífeyrisgreiðslna frá almannatryggingum frá 1. janúar 2015 hafi hvorki uppfyllt formleg né efnisleg skilyrði fyrir skerðingu virkra lífeyrisréttinda stefnanda. Ákvörðunin uppfyllti ekki þær lágmarkskröfur sem leiddar verða af lögum nr. 129/1997 og var ekki í samræmi þau viðmið sem mótast hafa í dómaframkvæmd um undirbúning ákvörðunar um svo mikilvæg réttindi. Þá byggðist hún ekki á málefnalegum sjónarmiðum auk þess sem hún var ekki byggð á viðhlítandi grunni. Verður því að fallast á með stefnanda að ákvörðunin hafi verið ólögsmæt og málsmeðferð stefnda hafi verið haldin verulegum annmörkum. Verður því fallist á kröfur stefnanda eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómurinn tekur að endingu fram að þær ástæður sem lágu að baki breytingum á samþykktum stefnda á árinu 2006 þar sem mun hafa verið heimilað að taka tillit til tekna lífeyrisþega úr almannatryggingum og komu til framkvæmda á árinu 2008 þegar farið var að beita því ákvæði í samþykktum stefnda hafa ekki áhrif á sakarefni máls þessa sem varðar ákvörðun og breytta framkvæmd á árinu 2015. Þá geta sjónarmið stefnda um að hann leggi áherslu í samþykktum sínum á ellilífeyri ekki haft áhrif að mati dómsins enda liggur ekkert fyrir um hverjar afleiðingar ákvörðunarinnar voru eða hvaða áhrif hún hafði sérstaklega á þennan þátt í starfsemi stefnda. Stefndi hefur í málinu ekki lagt fram nein gögn eða könnun um stöðu sjóðsins eða sýnt fram á að mat á hagsmunum sjóðfélaga hafi farið fram áður en ákvörðunin var tekin. Á því það sama við um sjónarmið stefnda um að jafnræðis sjóðfélaga hafi verið gætt og að meðalhóf hafi verið tryggt.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt að stefnda verði gert að greiða málskostnað sem renni í ríkissjóð eins og nánar greinir í dómsorði. Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt útgefnu gjafsóknarleyfi 5. desember 2019. Allur kostnaður stefnanda málsins greiðist því úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, eins og nánar greinir í dómsorði. Í samræmi við dómvenju er þóknunin ákveðin án virðisaukaskatts.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 8. október 2021. Af hálfu stefnanda flutti málið Áslaug Benediktsdóttir lögmaður fyrir Daníel Isebarn Ágústsson lögmann. Af hálfu stefnda flutti málið Arnar Þór Stefánsson lögmaður.

Uppkvaðning dóms hefur dregist fram yfir lögbundinn frest. Við uppkvaðningu var gætt ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 en hvorki dómari né lögmenntöldu þörf á endurflutningi málsins.

### **Dómsorð:**

Viðurkennt er að stefnda, Stapa Lífeyrissjóði, hafi frá og með 1. janúar 2015 verið óheimilt að skerða örorkulífeyrisgreiðslur til stefnanda, A, með því að telja honum til tekna barnalífeyri sem hann fær greiddan frá Tryggingastofnun ríkisins.

Viðurkennt er að stefnandi eigi kröfu um að stefnda sé skylt að greiða honum vangoldnar örorkulífeyrisgreiðslur frá og með 1. janúar 2015, sem eru til komnar vegna þess að stefndi taldi stefnanda til tekna þann barnalífeyri sem stefnandi fær greiddan frá Tryggingastofnun ríkisins, ásamt dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá og með gjalddögum hverrar vangoldinnar greiðslu.

Viðurkennd eru fyrningarslit á framangreindri kröfu stefnanda um að stefndi greiði honum vangoldnar lífeyrisgreiðslur frá og með 1. janúar 2015 ásamt dráttarvöxtum frá hverjum og einum gjalddaga vangoldinnar greiðslu.

Stefndi greiði 900.000 krónur í málskostnað sem rennur í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Daníels Isebarn Ágústssonar, 900.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Hólmfríður Grímsdóttir (sign.)